

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



GERÐU OKKUR TILBOÐ

TAL

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

21. mars 2011
66. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Keppa í skákboxi

Björn og Daníel hjá CCP reyna með sér í óvenjulegri keppni.

Fólk 30

Skuldir óreiðumanna

„Í hvert sinn sem við fáum gluggabréf með rukkun þurfum við að greiða atkvæði um það hvort við ætlum að borga eður ei.“

Í dag 13




Chelsea á skriði

Chelsea nálgast topplið ensku úrvalsdeildarinnar óðfluga.

sport 26

veðrið í dag



HVESSIR S-TIL Í dag ríka SV-áttir, víða 5-10 m/s en það hvekkir verulega við suðurströndina í kvöld. Horfur á slyddu- eða snjóeljum víða NV- og V-til en súld eða skúrum allra syðst.

VEÐUR 4



FAGNA LOFTÁRÁSUM

Uppreisnarmenn í nágrenni borgarinnar Benghazi í Líbíu fögnuðu loftárásum Bandaríkjamanna, Frakka og Breta á loftvarnakerfi og herafra stjórnhers Líbíu í gær. Talsmaður hersins lýsti í gærkvöldi yfir einhlíða vopnahléi, en óvíst er hvort það verði virt. **Sjá síðu 6**

NORDICPHOTOS/AFP

Eldsneytisverðið gæti skaðað ferðabjónustu

Samtök ferðabjónustunnar vilja lægri eldsneytisskatta til að fyrirbyggja samdrátt á ferðalögum innanlands. Segja hvorki fyrirtæki né almenning þola hækkanir. Starfshópur ríkisstjórnar skilar fyrstu tillögum í næsta mánuði.

ELDSNEYTISVERÐ Hækkandi verð á eldsneyti veldur ferðabjónustufyrirtækjum hér á landi miklum áhyggjum þar sem viðbúið er að mjög muni draga úr ferðalögum innanlands í sumar. Samtök ferðabjónustunnar kalla eftir lækkan eldsneytisskatta.

Ef verðið á bensíni í dag er miðað við verð fyrir réttu ári er munurinn um 16 krónur á lítrann. Lítraverð hefur hækkað frá um það bil 212 krónum upp í um 228 krónur í ár. Um miðjan mars í fyrra hafði verð á vísu stigið afar hratt á stuttum tíma og átti eftir að lækka verulega í verðstríði olúfélaganna yfir sumarmánuðina.

Þrátt fyrir það sýna tölur Vega-gerðarinnar nokkurn samdrátt í umferð um helstu vegi landsins frá 2009 til 2010 fyrra og fyrstu tölur þessa árs gefa til kynna að framhald verði á í ár.

„Við höfum mjög miklar áhyggjur af hækkanum eldsneytisverðs,“ segir Erna Hauksdóttir, formaður Samtaka ferðabjónustunnar, í samtali við Fréttablaðið.

„Það er bæði vegna flugsins og útgerðar á rútum og öðrum farartækjum, en líka vegna þess hversu dýrt það er fyrir almenning að keyra sína einkabíla. Ef ríkisstjórnin lækkar ekki skatta sína

Kostnaður við ferðalög á bil innanlands

Eldsneytiskostnaður hefur í för með sér aukinn kostnað við að ferðast á bil innanlands. Taflan hér fyrir neðan sýnir kostnað við að keyra frá Reykjavík til ýmissa áfangastaða á landsbyggðinni.

Staður	Vegalengd	Bensineyðsla*	2010**	2011***
Akureyri	382 km	37,6 l	7.971 kr	8.573 kr
Ásbyrgi	505 km	60,6 l	12.847 kr	13.816 kr
Egilsstaðir	652 km	78,2 l	16.578 kr	17.838 kr
Seyðisfjörður	676 km	81,1 l	17.193 kr	18.491 kr
Ísafjörður	455 km	54,6 l	11.575 kr	12.448 kr
Höfn	458 km	55 l	11.660 kr	12.540 kr
Hringvegurinn	1339 km	161 l	34.132 kr	36.708 kr

Kostnaðarauknin

* miðað er við bil sem eyðir 12 bensínlítum á hverja 100 kílómetra
** Algengt lítraverð bensíns í sjálfsafgreiðslu 16. mars 2010 var 212 krónur
*** Algengt lítraverð bensíns í sjálfsafgreiðslu 18. mars 2011 var 228 krónur

á eldsneyti getur þetta haft mjög slæm áhrif á ferðabjónustuna um allt land.“

Þótt eldsneytisgjöld miðist við vissa krónutölu af útsöluverði hvers lítra, leggst virðisaukaskattur á alla upphæðina. Skattheimtan eykst því í hlutfalli við hækkandi innkaupsverð olúfélaganna hér á landi.

Erna segir hvorki almenning né fyrirtæki þola „þessar gegndarlausu hækkanir“ og kallar eftir því að ríkisstjórnin sjái til þess að snúið verði aftur til þeirrar skattaupphæðar sem gert var ráð fyrir í byrjun.

Erna jatar því að útlit sé fyrir

að erlendir ferðamenn fjölmenni hingað til lands í sumar og þeir muni sennilega ekki mikla fyrir sér bensínverð, sem er sambærilegt og í þeirra heimalöndum.

„En fyrir Íslendinga er þetta mjög stórt vandamál. Það kostar augljóslega meira að keyra nú í sumar en í fyrrasumar. Þess vegna er svo mikilvægt að draga úr skattheimtu til þess að létta undir með almenningi og atvinnulífnum.“

Ríkisstjórnin hefur skipað starfshóp um viðbrögð við hækkanum eldsneytisverði og er fyrstu tillagna hópsins að vænta þann fyrsta apríl.

Atvinnuleysi á Íslandi:
500 börn eiga báða foreldra án vinnu

ATVINNUMÁL Á bilinu 450 til 600 börn hafa átt báða foreldra atvinnulausa síðastliðin tvö ár. Þetta kemur fram í tölum Vinnumálastofnunar. Um helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysiskrá eru með börn á framfæri.

Börn á Íslandi eru um 80 þúsund og eiga fjórtán prósent þeirra atvinnulaust foreldri.

- shá, sjá síðu 10



Kringlukast
Síðasti dagurinn
Ópið 10-18.30

-þj



Bogi, eruð þið ekki í skjólinum?

„Jú, þessi niðurstaða gefur okkur byr undir báða vængi.“

Bogi Nils Bogason er fjármálastjóri Icelandair Group. Icelandair Group birti á föstudag ársskýrslu sína en þar kom fram að fyrirtækið skilaði methagnaði á síðasta ári.

Allt tiltækt slökkvilið kallað út vegna bruna á verkstæði í Kópavogi í gærmorgun:

Einn á gjörgæslu með reykeitrin

BRUNI Maður á fimmtugsaldri liggur á gjörgæslu Landspítalans með reykeitrin eftir að mikill eldur kom upp í bifreiðaverkstæði á Smiðjuvegi í Kópavogi um sexleytið í gærmorgun. Hann var einn á verkstæðinu þegar kviknaði í.

Samkvæmt upplýsingum frá vatkhafandi lækni á Landspítalanum fer líðan mannsins batnandi. Hann mun líklega verða færður af gjörgæslu í dag.

Eldurinn kom upp í bíl á verkstæðinu og barst í þak hússins. Allt tiltækt lið slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu var kallað á stað-

inn. Reykkafarar fundu manninn stuttu eftir að tilkynning barst um að húsið væri ekki mannlaust og fluttu hann strax á sjúkrahús.

Töluverðar skemmdir urðu á verkstæðinu og rífa þurfti þakið á húsinu til þess að komast í allar glæður.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu tók slökkvistarfið tóma tvo klukkutíma og voru um tuttugu manns að vinna að verkinu. Upptök eldsins eru ókunn en lögregla vinnur að rannsókn málsins.

- sv



FRÁ BRUNANUM Það tók slökkvilið rúmlega tvo klukkutíma að slökkva eldinn í bifreiðaverkstæðinu í Kópavogi í gærmorgun. MYND/SIGURJÓN ÓLASON

Forsætisráðherra um veiðar:

Kvótafrumvarp til þjóðarinnar

SJÁVARÚTVEGUR Forsætisráðherra vill vísa nýju frumvarpi um stjórn fiskveiða til þjóðarinnar. Hún segir eðlilegt og sjálfsagt að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um kvótakerfið, er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Sjávarútvegsráðuneytið vinnur nú að frumvarpi að breytingum á lögum um fiskveiðistjórn og stefnt er að birtingu í lok þessa mánaðar. Í frumvarpinu verður meðal annars tilgreint að framsal á aflaheimildum verði afnumið og veðsetningar verði bannaðar.

- sv



WYCLEF JEAN Tónlistarmaðurinn var skotinn í hendina í aðdraganda forsetakosninga á Haítí á laugardag.

Wyclef skotinn í hendina:

Kosið til forseta á Haítí í gær

HAÍTÍ Forsetakosningar fóru fram á Haítí í gær. Frambjóðendurnir eru tónlistarmaðurinn Michel Martelly og forsetafrúin fyrrverandi Mirlande Manigat.

Tónlistarmaðurinn Wyclef Jean, sem er dyggur stuðningsmaður Martelly, var skotinn í hendina kvöldið fyrir kosningarnar, en hann útskrifaðist af spítala í gær. Lögreglan í landinu hefur ekki upplýst um frekari tildrög skotárásarinnar.

Wyclef ætlaði sjálfur að bjóða sig fram til forseta, en var synjað þar sem hann hafði ekki dvalið í landinu í nægilega mörg ár.

Tilkynnt verður um niðurstöður forsetakosninganna um miðjan apríl.

- sv

Betur fór en á horfðist:

Harður árekstur á Hvolsvelli

SLYS Harður árekstur tveggja bíla varð á Suðurlandsvegi rétt austan við Hvolsvöll í gær. Einn ökumaður var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur. Alls voru þrjú í bilunum.

Loka þurfti annarri akreininni vegna slyssins og urðu nokkrar tafir á umferð. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli virtist slysið alvarlegra við fyrstu sýn. Þýrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út en aðstoð hennar var afturkölluð. Tildrög slyssins eru óljós en málið er í rannsókn.

- sv

Fulltrúa ríkisins í stjórn Arion skipt út

Stjórn Bankasýslu ríkisins hefur ákveðið að endurnýja ekki umboð Kristjáns Jóhannssonar, stjórnarmanns í Arion banka, á aðalfundi bankans sem haldinn verður í vikunni. Ákvörðunin kemur í kjölfar gagnrýni á launakjör bankans.

STJÓRNSÝSLA Kristján Jóhannsson, fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka, mun víkja úr stjórninni á aðalfundi bankans í vikunni. Stjórn Bankasýslunnar telur rétt að endurnýja ekki umboð Kristjáns vegna ákvörðunar hans um að samþykkja launakjör Höskuldar H. Ólafssonar, bankastjóra Arion banka. Kristján þykir þó ekki hafa brotið gegn eigendastefnu ríkisins.

„Mat okkar var, að teknu tilliti til alls, að fulltrúi ríkisins hefði átt að sitja hjá við kosningu um launakjör Höskuldar,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, stjórnarformaður Bankasýslunnar, og bætir við: „Við erum að fara með hlut í eigu ríkisins og miðað við ástandið í þjóðfélaginu, viðhorf gagnvart fjármálaþyrirtækjum og aðgerðir ríkisins til að takmarka hækkunir hærri launa, þá hefði fulltrúi ríkisins átt að sýna aðgæslu í þessu máli.“ Þorsteinn segir Kristján þó ekki hafa brotið gegn eigendastefnu ríkisins og utan þessa máls hafi ríkt sátt um störf Kristjáns.

Kristján, sem er lektor við skiptafræðideild Háskóla Íslands, greiddi atkvæði með launakjörum Höskuldar í stjórn Arion banka en launakjör Höskuldar hafa undanfarið verið gagnrýnd fyrir að vera óhöfleg.

Til marks um það sagði Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, í kvöldfréttum RÚV á laugardag, að launakjör æðstu stjórnenda bankanna væru kjaftshögg fyrir fólk sem þurft hefði að takast á við atvinnuleysi og launalækkanir á síðustu misserum. Þá lýsti hún yfir von-



ARION BANKI Laun æðstu stjórnenda Arion banka og Íslandsbanka hafa sætt gagnrýni undanfarið því þau þykja óhöfleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ég harna þessa niðurstöðu. Ekki síst þar sem öll samskipti við Bankasýsluna hafa verið fagleg, opin og góð. Formaður bankasýslunnar sagði að ég hefði ekki brotið gegn eigendastefnu ríkisins. Hann gefur þá einkunn,“ segir Kristján Jóhannsson sem stendur við ákvörðun stjórnarinnar um starfskjör Höskuldar, ýtarleg vinna hafi legið að baki þeirri niðurstöðu.

KRISTJÁN JÓHANSSON
STJÓRNARMANNAÐUR Í ARION BANKA

brigðum með ákvarðanir stjórnarmanna Bankasýslunnar hjá Arion banka og Íslandsbanka en Kolbrún Jónsdóttir, stjórnarmaður hjá Íslandsbanka, sat hjá við ákvörðun stjórnar um launakjör Birnu Einarsdóttur, bankastjóra. „Ég harna þessa niðurstöðu.“

Ekki síst þar sem öll samskipti við Bankasýsluna hafa verið fagleg, opin og góð. Formaður bankasýslunnar sagði að ég hefði ekki brotið gegn eigendastefnu ríkisins. Hann gefur þá einkunn,“ segir Kristján Jóhannsson sem stendur við ákvörðun stjórnarinnar um starfskjör Höskuldar, ýtarleg vinna hafi legið að baki þeirri niðurstöðu.

Stjórn Bankasýslunnar bauð Kristján að segja af sér fyrir helgi en hann varð ekki við þeirri beiðni. Í kjölfarið var honum tilkynnt að umboð hans til stjórnarsetu í Arion banka yrði ekki endurnýjað.

magnusl@frettabladid.is

Íbúðalánasjóður í vanskilum: 75 milljarða lán í vanskilum

EFNAHAGSMÁL Alls eru um 75 milljarða króna lán í vanskilum hjá Íbúðalánasjóði. Forsætisráðherra segir allt benda til þess að ríkið þurfi að auka fjárveitingar til sjóðsins umfram þá 33 milljarða sem Alþingi hefur þegar samþykkt að veita sjóðnum. Það verði jafnvel hærri fjárhæð heldur en ríkið þarf að borga Bretum og Hollendingum vegna Icesave. RÚV greindi frá þessu í fréttum sínum í gær.

Vanskil hafa aukist mikið hjá Íbúðalánasjóði á undanföllum misserum. Reiknað er með því að afskriftir verði mun meiri en áður var gert ráð fyrir.

- sv

Frjálsar kosningar haldnar:

Breytingar á stjórnarskránni

EGYPTALAND, AP Mikill meirihluti kjósenda samþykkti breytingar á stjórnarskrá Egiptalands í kosningum á laugardag.

Kosningarnar voru fyrstu frjálsu kosningar í landinu í meira en hálfa öld. Almennar þing- og forsetakosningar verða nú haldnar í landinu innan sex mánaða. Gagnrýnendur óttast að vegna skamms fyrirvara muni Múslimska bræðralagið ná völdum, vegna þess að flokkurinn sé skipulagðasta stjórn málaflíð í landinu. Flokkurinn hefur barist hart fyrir því að breytingarnar yrðu samþykktar.

- þeb

SKÓLAMÁL

Undirskriftarsöfnun hafin

Undirskriftarsíðan www.börn.is var opnuð í gær. Á síðunni er skorað á borgarstjórn Reykjavíkur að hætta við fyrirhugaðar breytingar á starfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Samstarfshópur íbúa Reykjavíkur opnaði vefinn á fundi á þaki Æsufells 4 í Breiðholti um í gær.

Stjórnvöld vonast til að ná tökum á geislavirkni í Fukushima:

Bjargað úr rústum eftir níu daga

JAPAN Áttatræðri konu og sextán ára barnabarni hennar var bjargað úr rústum húss í Ishinomaki í Japan í gær, níu dögum eftir skjálftann þar í landi. Þau höfðu verið föst í húsinu en komust í ísskáp og gátu því nærst. Þau eru nú á spítala.

Lögregla í Japan segir nú að 15 þúsund manns í Miyagi-héraði einu hafi látist í hamförum. Heildartala látinna fari því yfir tuttugu þúsund manns. Opinber tala látinna var í gær 8.450 og tæplega þrettán þúsunda var saknað.

Stjórnvöld hafa hafist handa við að láta byggja tímabundið húsnaði fyrir hluta þeirra sem misstu heimili sín.

Afram er unnið í kjarnorkuverinu í Fukushima og segja yfirvöld að þau séu nálægt því að ná stjórn á aðstæðum þar. Tekist hafi að kæla niður tvo af sex



FUKUSHIMA Fólk beið í röðum eftir því að fá mælingu á geislavirkni í Fukushima um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kjarnaofnum versins á öruggan máta. Þrýstingur jókst þó óvænt í þriðja kjarnaofninum í gær, sem gæti orðið til þess að sleppa þurfi geislavirkri gufu út í andrúmsloft-

id. Mest er óttast að matur og vatn hafi orðið fyrir mengun og var flutningur á spínati og mjólk frá nágrenni kjarnorkuversins stöðvaður í gær.

- þeb

Taktu góða ákvörðun

Opinn kynningarfundur

Auður býður til kynningarfundar þriðjudaginn 22. mars kl. 17:15 að Borgartúni 29.

- Séreignarsparnaður
- Eignastýring
- Langtímasparnaður

Allir velkomnir



Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is



Eyra fyrir tónlist!



Sigurður Guðmundsson tónlistarmaður er með **Shazam** í farsímanum sínum. Ef hann veit t.d. ekki hvað lagið heitir sem hann er að hlusta á getur hann látið Shazam kalla fram heiti lagsins. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag. Það geta allir fengið Shazam í farsímann sinn í gegnum App Store, Android Market og Ovi Store. Þú getur líka komið við í næstu verslun Nova og við græjum Shazam í farsímann fyrir þig!

Facebook, Guitar Tuner og **Find My iPhone** eru líka í uppáhaldi hjá Sigga.

Láttu Nova græja upp farsímann þinn!

Netið í símann!

Fylgir í áskrift 20 kr. í frelsi
150 MB/mán. 5 MB/dag

Erstu með aðgang að
Ovi Store, Android Market eða App Store?
Sendu SMS-ið **Shazam** á
númerið **1900** til að fá Shazam
í farsímann þinn.



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,42 114,96
Sterlingspund	184,25 185,15
Evra	161,17 162,07
Dönsk króna	21,609 21,735
Norsk króna	20,355 20,475
Svænsk króna	17,925 18,031
Japanskt jen	1,4034 1,4116

SDR	181,05	182,13
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
215,7971		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Knútur, vinsælasti ísbjörn heims, drapst í dýragarðinum í Berlín um helgina, fjögurra ára að aldri:

Talinn hafa druknað eftir flogakast

ÞÝSKALAND, AP Knútur, ísbjörninn góðkenni, drapst í dýragarðinum í Berlín um helgina. Fjöldi aðdáenda Knúts flyktust að hliði dýragarðsins í gær og lögðu þar niður blóm og kransa til að minnst hans.

Talið er að ísbjörninn hafi fengið einhverskonar flogakast eftir að hafa legið í sólinni á laugardag. Hann datt í lauginna í búri sínu í kjölfarið og druknaði þar, fyrir framan augu mörg hundruð áhorfenda. Einn áhorfendanna, Eveline Litowski, sagði í samtali við þýska fjölmiðla að Knútur hefði verið afar ánægður að sjá og ekki sýnt nein merki þess að hann væri að veikjast. Svo hafi hann allt í einu kippst við eins og í flogakasti og dottið niður í lauginna. Hræ Knúts var dregið upp

úr lauginni í gær. Sérfræðingar munu kryfja það í dag til þess að komast að dánarorsök, en starfsmenn dýragarðsins telja víst að dauða hans hafi ekki borið að með eðlilegum hætti.

Öll heimsbyggðin fylgdist með þegar myndir af nýfæddum ísbjarnarhúni, sem hafði verið afneitað af móður sinni, birtust í fjölmiðlum árið 2007. Knútur varð umsvifalaust eitt vinsælasta dýr heims og stjarna dýragarðsins í Berlín. Hann varð þó einungis fjögurra ára gamall, en meðal ævilengd ísbjarna er á milli 15 til 20 ár.

THOMAS DÖRFLEIN OG KNÚTUR Dörflein tók Knút að sér eftir að móðir Knúts afneitaði honum. Hann lést úr hjartaáfalli árið 2008, 44 ára að aldri.



NORDICPHOTOS/AP

Danir umburðarlyndir:

Nota klámefni í stórum stíl

DANMÖRK 72 prósent danskra unglingspíla og 3,6 prósent danskra unglingsstúlkna horfa á klámefni á netinu, í sjónvarpi eða í blöðum tvisvar sinnum í viku eða oftar og falla því undir skilgreiningu fræðimanna á stórnotendum á klámi.

Danskir unglingar nota klám í mun meiri mæli en jafnaldrar á hinum Norðurlöndunum, samkvæmt könnunum. Samsvarandi hlutfall í Svíþjóð er 37 prósent hjá drengjum en 1,5 prósent hjá stúlkum.

Í samtali við Politiken segir sagn- og kynjafræðingurinn Anette Dina Sørensen að menning Dana sé mun umburðarlyndari gagnvart klámi en menning annarra Norðurlandþjóða.

Dæmdur í hálfis árs fangelsi:

Kastaði postulínsdiski í konu

DÓMSMÁL Tæplega fertugur maður hefur verið dæmdur í sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á sambýliskonu sína í ágúst síðastliðnum.

Konan hafði komið heim frá móður sinni með mat á postulínsdiski. Maðurinn var þá dauðadrukinn og þegar hún freistadi þess að fá hann til að fara að sofa brást hann hinn versti við, þreif postulínsdiskinn og kastaði honum í andlit konunnar. Diskurinn brotnaði við höggið.

Konan hlaut sjö sentimetra gapandi skurð á augabrúnn og smærri skurði á vörum.

Maðurinn, sem á nokkurn brotaferil að baki, var sakfelldur gegn neitun sinni. Hann þarf jafnframt að greiða konunni 400 þúsund krónur í bætur.

- sh

Helmingi minna fé eytt í snjómokstur í Reykjavík

Reykjavíkurborg eyddi 500 milljónum króna í snjómokstur árið 2008. Kostnaður fór niður í 280 milljónir 2010. Akureyri hefur aukið fjármagn í mokstur á milli ára. Reykjavík dregur saman um 100 milljónir á ári.

SAMGÖNGUR Reykjavíkurborg hefur eytt um 1,2 milljörðum króna í snjómokstur og aðra vetrartengda þjónustu á árunum 2008 til 2010. Veturinn 2008 kostaði þjónustan borgina um 500 milljónir króna. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var óvenjumikill snjór það árið og var hann víða til trafala við samgöngur.

Útgjöld við mokstur og annað því tengdu hafa verið minnkuð um helming síðan árið 2008. Heildarkostnaður við þjónustuna síðasta vetur var 280 milljónir og 375 milljónir veturinn 2009. Það sem af er vetrinum í ár, hefur borgin eytt tæpum 130 milljónum í mokstur og er talið ólíklegt að sú tala muni hækka mikið úr þessu. Er þetta fjórðungur af þeim kostnaði sem borgin varði í þjónustuna árið 2008.

Guðbjartur Sigfússon, yfirverkfræðingur hjá Reykjavíkurborg, segir að þrátt fyrir mikla skerðingu í fjárveitingum til moksturs þá hafi það ekki bitnað mikið á þjónustu við borgarbúa.

„Það hefur ekki borið mikið á kvörtunum. Við reynum að sinna þessu eftir því sem þörf er á,“ segir Guðbjartur. „Svo er það ekki fjárveitingin sem ræður alltaf, heldur er það veðráttan sem skiptir öllu máli.“

Akureyrarbær eyddi 65 milljónum króna í snjómokstur árið 2008. Heildarkostnaður við mokstur í bænum síðustu fjóra vetur hefur kostað 252 milljónir króna. Mokstur í desember einum í fyrra kostaði um 20 milljónir.

Kostnaður Akureyrarbæjar við snjómokstur hefur verið frá 52 milljónum og upp í 72 milljónir hvert ár frá vetrinum árið 2007, en mestu var eytt í fyrra sé miðað við síðustu ár. Ástæðan fyrir auknum kostnaði er sögð einföld: Veðurfar.

„Það var bara miklu meiri snjór,“ segir Helgi Már Pálsson, bæjartækni- og verkfræðingur hjá Akureyrarbæ. „Ég held að hér sé mjög vel mokað og er nokkuð viss um að þjónustustigið sé nokkuð hátt. En það eru auðvitað meira en 17 þúsund aðrir sérfræðingar í bænum sem eru allir ósammála mér.“

Samkvæmt Veðurstofunni voru 9 alhvítir dagar á Akureyri síðasta vetur. sunna@frettabladid.is



MOKSTUR Í GRAFARVOGI Mokstursþjónusta hefur dregist saman um helming í Reykjavík á síðustu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Úttekt Veðurstofunnar á veðurfari síðustu vetra

Veturinn 2007

Snjór var meiri suðvestanlands en verið hefur í nokkur ár.

Þrálát snjóflóðahætta og mjög úrkomusamt. Metúrkoma víða sunnanlands.

Veturinn 2008

Snjór var til trafala við samgöngur og illviðri voru tíð. Snjór var meiri sunnanlands en

algengt hefur verið síðustu árin. Óvenjumikið snjóaði í Vestmannaeyjum.

Veturinn 2009

Úrkoma vetrarins var í ríflegu meðallagi, um 12 prósent umfram meðallag í Reykjavík, en um 20 prósent á Akureyri. Desember var úrkomusamastur í Reykjavík, en janúar á Akureyri.

Veturinn 2010

Mjög snjólétt var sunnanlands og jörð var alhvít í Reykjavík aðeins 5 daga. Alhvítu dagarnir á Akureyri voru 9 og er það 3 dögum minna að meðaltali síðustu 10 árin.

Heimild: Veðurstofa Íslands - www.vedur.is

NÝTT
Liffræn barnamjólk

Við ❤️ liffrænt

hipp.is fyrir 12 mánaða og eldri

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

ÁFRAM SVALT í dag og næstu daga verða suðvestlægar og vestlægar áttir ríkjandi. Búast má við eljagangi, einkum vestan til á landinu en á miðvikudaginn léttir heldur til suðvestanlands er líður á daginn. SA- og A-til mun eitthvað sjást til sólar. Enn er því bið eftir vorinu.

Á MORGUN 10-15 m/s V-til, annars hægar. **MÍÐVIKUDAGUR** Fremur hægur vindur um allt land.

HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	13°
Berlín	12°
Billund	11°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	20°
London	15°
Mallorca	17°
New York	11°
Orlando	27°
Ósló	2°
París	14°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegis.

Skilafresti lýkur eftir tvo daga!

■ Talið fram á skattur.is

Veflykill og rafræn skilríki veita aðgang að þjónustusíðu á **skattur.is** þar sem hægt er að fylla út skattframtalið á einfaldan hátt.

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Glatist veflykill má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

■ Framtal á pappír

Pappírframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra. Hægt er að panta áritað pappírframtal og sundurliðunarblað á **skattur.is** eða í síma 442-1414 og fá það sent í pósti.

■ Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtali.

Prentaðar leiðbeiningar má fá á skattstofum.

■ Aðstoð í síma 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 23., 28. og 29. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

**Þjónusta við einstaklinga
á höfuðborgarsvæðinu
er á Laugavegi 166**



Skilafrestur er til
23. mars

FRÉTTASKÝRING: Loftárásir á Líbíu

Gaddafí heitir langvinnnum stríðsátökum

Loftvarnakerfi Líbíu er sagt illa skaddað eftir loftárásir Bandaríkjanna, Frakklands og Bretlands. Gaddafí segist ekki ætla að víkja og hefur hert á sókn stjórnarhers Líbíu gegn uppreisnarmönnum. Tölur um mannfall eru á reiki.

Stríðsátök í Líbíu verða langdregin og blóðug sagði Mohammad Gaddafí, leiðtogi landsins, í símaviðtali við ríkissjónvarp Líbíu. Talið er að loftárásir á laugardag hafi eytt að mestu loftvörnum landsins.

Talsmaður Líbíuhers lýsti í gær yfir einhliða vopnahléi. Samþætting yfirlýsingar var sett fram á föstudag en árástir stjórnarhersins á uppreisnarmenn héldu engu að síður áfram.

„Við lofum ykkur löngu stríði án nokkurra takmarkana,“ sagði Gaddafí. Hann sagði herafra vesturveldanna engan rétt hafa til að gera árástir í landinu, og líkti þeim sem fyrir árásumum standa við krossfara og hryðjuverkamenn.

„Við munum berjast fyrir hverri tommu af landi,“ sagði Gaddafí, en undir símaviðtali við hann sýndi ríkissjónvarp Líbíu mynd af gjalltum hnefa með kramið líkan af bandarískri orrustuþotu.

Hann sagði árástirnar „greinilegt dæmi um árásgirni nýlendu- og krossferðaríkja sem gæti vel hleypt af stað nýju krossferðastríði“.

„Líbíska þjóðin er sameinuð, karlar og konur hafa nú fengið skotvopn og sprengjur. Þið getið ekki gert árástir, þið getið ekki stigið fæti á þetta land,“ sagði Gaddafí. „Þið eruð ekki búin undir langt stríð í Líbíu en við erum tilbúin.“

Talsmaður bandarískra stjórnvalda sagði í gær talsverðan árangur hafa náðst með árásum um helgina. Hann sagði loftvarnakerfi landsins verulega laskað, og því hægt að framfylgja flugbanni Sameinuðu þjóðanna yfir landinu.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði árástirnar löglegar, ekki sé hægt að horfa upp á Gaddafí



FÖGNUMU Uppreisnarmenn nærri borginni Benghazi fögnuðu þegar stjórnarherinn hörfaði í kjölfar loftáraða Bandaríkjanna, Frakka og Breta.

murka lífið úr líbíska þjóðinni. Hann tók þó skýrt fram að ekki stæði til að senda landher til Líbíu.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sagði árástirnar „nauðsynlegar, löglegar og réttlátar“.

Talsvert magn af sinnepsgasi

Engar staðfestar fregnir hafa borist af manntjóni í loftárásunum sem beinst hafa að ratsjárstöðvum og öðrum loftvörnum landsins. Líbíska ríkissjónvarpið hélt því í gær fram að 48 hefðu látist og um 150 særst. Þessar tölur hafa ekki verið staðfestar. Gaddafí sagði sjálfur í yfirlýsingu sinni að flestir hinna látnu væru konur, börn og trúarleiðtogar.

„Rétt er að taka með nokkrum fyrirvara sumu af því sem sýnt er í líbíska sjónvarpinu,“ sagði George Osborne, fjármálaráð-

herra Bretlands, í samtali við BBC í gær. Hann sagði hernaðaraðgerðir skipulagðar með það að markmiði að valda óbreyttum borgurum sem minnstu tjóni.

Mike Mullen, formaður bandaríska herráðsins, sagði í viðtali við bandaríska sjónvarpsstöðina NBC að vitað væri að Gaddafí hefði aðgang að talsverðu magni af sinnepsgasi, sem sé verulegt áhyggjuefni þó ekkert bendi til þess að hann hafi í hyggju að beita efnavopnum í baráttu sinni við uppreisnarmenn í landinu.

Í það minnsta 110 Tomahawk-stýriflaugum var skotið af bandarískum og breskum skipum á hernaðarleg skotmörk á borð við loftvarnastöðvar í Líbíu á laugardag. Árástir voru einnig gerðar með bandarískum og frönskum orrustuþotum og sprengjuflugvélum.

Loftárásirnar héldu áfram í gær og í það minnsta 70 skriðdrekum, brynvörðum bílum og öðrum farartækjum líbíska hersins var grandað nærri borginni Benghazi, höfuðvægi uppreisnarmanna

í Líbíu. Eftir sólsetur í gær hófu loftvarnabyssur í höfuðborginni Trípolí skothríf, en ekki var í gærkvöldi ljóst hvort franskar, breskar eða bandarískar þotur voru þá yfir borginni.

Um 100 látnir í Benghazi

Þrátt fyrir loftárásir hélt stjórnarher Líbíu áfram árásum á uppreisnarmenn. Talið er að á annað hundrad uppreisnarmanna og óbreyttra borgara hafi látið lífið í Benghazi í sprengjuárásunum Líbíuhers á laugardag og sunnudag.

Sonur Mohammars Gaddafí lýsti á föstudag yfir einhliða vopnahléi í átökunum við uppreisnarmenn. Lítið mark hefur verið tekið á yfirlýsingu hans, og var hart barist við borgina Benghazi.

Skortur á nauðsynjavörum, einkum lyfjum, er farinn að gera vart við sig í borginni.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Mótmæla hernaðaraðgerðum í Líbíu

Arababandalagið gagnrýndi í gær hernaðaraðgerðir vestrænna ríkja í Líbíu, og hefur boðað til neyðarfundar vegna árásanna.

Bandalagið kallaði þann 12. mars eftir flugbanni yfir landinu. Í yfirlýsingu sem kom frá bandalaginu í gær segir að árástirnar nú þjóni ekki þeim tilgangi að vernda almenna borgara í Líbíu eins og yfirlýst markmið flugbanssins hafi verið.

Afrikusambandið tekur í svipaðan streng í ályktun sem sambandið sendi frá sér í gær. Þar er þess krafist að árásum verði hætt.

Þá hafa rússnesk stjórnvöld krafist þess að „handahófskenndum“ árásum á skotmörk í Líbíu verði hætt tafarlaust. Í yfirlýsingu sem gefin var út í gær segir að samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna ná aðeins til aðgerða sem ætlað sé að vernda almenna borgara. Hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna, Frakklands og Bretlands falli langt utan þess ramma.

Styðja aðgerðir

„Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt formlega stuðning við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna,



og styðja aðgerðir sem byggja á þeim grunni og miða að því að koma í veg fyrir grimmdarfullar ofbeldisáðgerðir harðstjórans

SKARPHÉÐINSSON haddstjórnar almennings,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann minnr á að Gaddafí hafi lýst því yfir að engu yrði eirt þegar herinn myndi ráðast inn í höfuðvægi uppreisnarmanna. „Mér finnst óbærilegt að horfa upp á að notaðar séu flugvélar og önnur vígatól til að drepa saklaust fólk, vopnlitinn almennings.“



Til sölu

1/6 hlutur í þessum glæsilega bát, Carver 53 Voyager, árgærd 1999. Stórglæsilegur bátur til að njóta frítíma og sumarleyfis.

Myndir og upplýsingar, hilyliogskip.is og s. 821 73002 og 893 3985

100 KRÓNUR

Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins Mottumars



Nicotinell er samstarfsaðill Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Tíu ríki hafa lofað herafra eða aðstöðu

Bandaríkin

- Herskip úr sjöttu flotadeildinni hafa skotið á annað hundrad Tomahawk-flugskeytum.
- Fjöldi bandarískra herþota hefur gert loftárásir á skotmörk í Líbíu.

Frakkland

- Flugmóðurskipið Charles de Gaulle ásamt stuðningsskipum er á leið á vettvang.
- Orrustuþotur hafa farið í eftirlitsflug yfir Benghazi og gert árástir á skriðdreka og önnur vígatól stjórnarhers Líbíu.
- AWACS-efirlitsflugvél hefur verið notuð til eftirlits.

Bretland


- Sendir orrustuþotur en hefur ekki gefið upp nákvæman fjölda.
- AWACS-efirlitsflugvél er til taks.
- Tvær freigátur eru undan ströndum Líbíu.

Danmörk

- Sex orrustuþotur eru komnar til Sikileyjar.

Ítalía

- Býður sjö herstöðvar til afnota fyrir ríki sem taka þátt í aðgerðum í Líbíu og leggur til að höfuðstöðvar fjölbjóðaliðsins verði í Napólí.
- Flugmóðurskipið Giuseppe Garibaldi er við strendur Sikileyjar með átta orrustuþotur um borð.



- eru með tíu orrustuþotur til viðbótar í viðbragðsstöðu.

Kanada

- Sex orrustuþotur hafa verið sendar til Ítalíu.
- Freigátur er til taks á Miðjarðarhafinu og getur tekið þátt í aðgerðum.

Spánn

- Fjórar orrustuþotur og eldsneytisvél eru komnar til Ítalíu.
- Kafbátur, freigátur og eftirlitsflugvél eru til taks.

- Býður tvær herstöðvar til afnota.

Noregur

- Hefur boðist til að senda sex orrustuþotur en þær verða ekki til taks fyrr en um miðja viku.

Belgía

- Átta orrustuþotur eru komnar til Grikklands og verða til reiðu á mánudag.

Katar

- Fjórar orrustuþotur eru sagðar til taks til að framfylgja flugbanni.

Þið sem nú móttakið endurútreikning lána sem áður voru ólöglega gengistryggð.

Ekki borga aftur

það sem þegar er greitt

Með endurútreikningi ætla fjármálafyrirtæki að hækka lánið þitt um allt að 100% án lagaheimildar

Samtök lánþega vilja beina því til ykkar að hafna alfarið endurútreikningum sem byggja á kröfum um afturvirka vexti. Á það við um bæði einstaklinga og lögaðila. Við hjá Samtökum lánþega aðstoðum ykkur við að koma á framfæri nauðsynlegum mótbárum og vörnum vegna slíkrar höfnunar. Eina sem það krefst af ykkar hálfu er að styðja við málsókn á vegum samtakanna.

Með höfnun á framkomnum endurútreikningi ertu að koma í veg fyrir að fjármála- stofnanir hækki lánið þitt um allt að 100% án nokkurra lagaheimilda. Við höfum greitt fyrir hið liðna svo sem bankayfirlit og greiðsluseðlar vitna um og við eigum ekki að greiða aftur fyrir það sem þegar er greitt. Engin lög styðja slíkar kröfur.

Samtök Lánþega

Í krafti fjöldans getum við allt

Laugavegi 170 | s: 511 1944 | lanthegar@lanthegar.is | www.lanthegar.is



Hefur þú farið á skíði í vetur?

JÁ	10%
NEI	90%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú hernaðaraðgerðir gegn stjórn Muhammars Gaddafi í Líbú?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Aðildarumsókn Íslands er í skýrslu sögð hafa haft jákvæð áhrif á innleiðingu ESB-laga á Íslandi:

Innleiðing ESB-reglugerða er skilvirkari

STJÓRNSÝSLA Íslenskum stjórnvöldum hefur gengið betur að innleiða lög um innri markað ESB eftir að Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu eftirlitsstofnunar EFTA um EES-ríkin. Innleiðing reglna í samræmi við EES-samninginn er meðal þess sem litið er til í aðildarviðræðunum við ESB.

Hlutfall þeirra laga sem Ísland á eftir að innleiða lækkaði úr 1,3 prósent í 1 prósent á milli ára en 1 prósent er viðmiðunarmark eftirlitsstofnunar EFTA. Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2003 sem Ísland stenst viðmiðunarmarkið.

Ísland er þó áfram eftirbátur Noregs og

Liechtenstein en þar er sama hlutfall annars vegar 0,2 prósent og hins vegar 0,5 prósent. Meðaltal EES-rikkanna er lægra en meðaltalið í aðildarríkjum ESB. Fjöldi þeirra reglugerða sem Ísland á eftir að innleiða vegna þátttökunnar í EES er nú 33 en var 50. Ein reglugerð hefur verið óinnleidd í meira en tvö ár sem þykir ámælisvert.

Ísland þarf samkvæmt EES-samningnum að innleiða allar reglugerðir um innri markað Evrópu. Ríkjum er hins vegar í sjálfvald sett hvernig innlend löggjöf er aðlöguð að ESB-reglugerðum. Ísland innleiðir reglugerðir um innri markaðinn með 10,7 mánaða töf að meðaltali, sem er aukning um 0,2 mánuði á milli ára.



EVROPUSAMBANDIÐ Eftirlitsstofnun EFTA gefur á tveggja ára fresti út skýrslu um innleiðingu ESB-reglugerða í EES-ríkjunum.

Hertar lánareglur í Svíþjóð: Hafa sett þak á íbúðalánin

SVÍÞJÓÐ Hertar reglur um hámark íbúðalána í Svíþjóð hafa ekki haft áhrif á fasteignamarkað, segir á vef sænska Ríkisútvarpsins.

Síðastliðið haust setti sænska fjármálaeftirlitið reglur um að húsnæðislán í landinu mættu mest miðast við 85% af verðmæti eignar. Markmiðið var að auka vernd neytenda og vinna gegn því að bankar og aðrar lánastofnanir færu að draga að sér nýja viðskiptavinum með því að bjóða hærri húsnæðislán. „Nýju reglurnar eiga að hvetja fólk til að takmarka skuldsetningu,“ segir sænska fjármálaeftirlitið.

Þensluástand er nú í sænsku efnahagslífi, hagvöxtur mældist þar 5,5% í fyrra, sá mesti í Evrópu.

- pg

Vill að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun um Icesave:

Safnar upplýsingum um Icesave á netinu

ICESAVE Ungur meistaranemi í Kaupmannahöfn, Fannar Páll Aðalsteinsson, hefur stofnað heimasíðuna Icesave.net. Síðan á að vera hlutlaus vettvangur sem safnar umfjöllum um mismunandi afstöðu til málsins, segir Fannar. Fólk geti þá skoðað ólík sjónarmið og myndað sér upplýsta skoðun áður en gengið verður til kosninga þann 9. apríl.

„Ég sjálfur er ekki búinn að mynda mér skoðun, og finnst erfitt að mynda mér hana þegar umræðan er öll úti um allt,“ segir hann um ástæðu þess að hann ákvað að stofna síðuna. Hann



FANNAR PÁLL AÐALSTEINSSON

segir margt flott fólk vera að tjá sig um mismunandi afstöðu til málsins, en til að finna allar greinar og kynna sér málið þurfi virkilega að hafa fyrir því og fylgjast með öllum miðlum. Hann vonast til þess að sem flestir taki vel upplýsta og ígrundaða ákvörðun.

Á síðunni safnar Fannar saman fréttum, greinum og pistlum um málið og birtir einnig myndbönd. Hann hvetur fólk jafnframt til að hafa samband á síðunni ef því finnst eitthvað vanta í umræðuna og ef það vill benda á áhugaverða umfjöllun.

- þeb



JARÐARFÖR Í JEMEN Lítil stúlka á meðal þeirra þúsunda sem mættu við jarðarfarir mótmælenda í Jemen í gær. Vaxandi þrýstingur er á forseta landsins að segja af sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli breiðast út

Mótmælt var alla helgina í Sírylandi, auk þess sem mótmæli halda áfram í mörgum Miðausturlöndum. Forseti Jemens rak ríkisstjórnina í gær og í Barein óska stjórnarandstæðingar eftir hjálp SP.

MIDAUSTURLÖND Forseti Jemens, Ali Abdullah Saleh, rak í gær ríkisstjórn landsins. Fjöldi embættismanna hafði þegar sagt af sér vegna andstöðu við morð á mótmælendum á föstudag, þar sem minnst 45 voru drepnir. Sendiherra Jemens hjá Sameinuðu þjóðunum, tveir ráðherrar, yfirmaður ríkisfjölmiðilsins og sendiherra landsins í Líbanon voru meðal þeirra sem sagt höfðu af sér.

Forsetinn tilkynnti um þetta eftir að tugir þúsunda mættu í jarðarfarir nokkurra hinna myrtu í gær. Ættbálkur hans kallaði í gær eftir afsögn hans og slóst þar í lið með trúarleiðtogum og mótmælendum.

Þá mótmæltu þúsundir manna í borginni Deraa í Sírylandi í gær, þriðja daginn í röð. Einnig var mótmælt í öðrum borgum. Fimm mótmælendur hafa látist og öryggissveitir eru sagðar beita skotvopnum og táragsi. Mótmælendur kveiktu í byggingum í borginni og sögðu sjónarvottar að kveikt hefði verið í höfuðstöðvum Baath-flokksins, sem ræður ríkjum í landinu, sem og dómhúsi og tveimur útibúum símafyrirtækis sem skyldmenn forsetans eiga. Mótmælendur eru sagðir hafa völdin í miðborginni.

Vegum inn í borgina hefur verið lokað og þá hefur verið

lokað fyrir flestar samskiptaleiðir, internetið og rafmagnið.

Í Barein halda mótmæli einnig áfram. Stjórnarandstæðingar óskuðu eftir hjálp Sameinuðu þjóðanna og Bandaríkjanna á stuttum mótmælafundi í höfuðborginni Manama í gær. Óskað var eftir því að SP stöðvi ofbeldi gegn mótmælendum og stýri viðræðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þá vilja stjórnarandstæðingar að erlent herlið undir stjórn Sádi-Araba fari úr landi. „Þeir eiga að fara heim. Það er engin þörf fyrir þá þar sem hér

2000 Lögreglu-menn voru fleiri en mótmælendur í Riyadh í gær. Tugir Sádi-Araba mótmæltu og kröfðust þess að fangar yrðu látnir lausir, en á svæðinu voru um 2000 lögreglumenn.

er pólitískt vandamál, ekki hernaðarlegt,“ sagði Jassim Hussein, fyrrverandi þingmaður.

Tugir Sádi-Araba mótmæltu fyrir utan innanríkisráðuneytið í Riyadh í gær og kröfðust þess að þúsundir fanga yrðu látnir lausir. Fólkíð hefur verið í fangelsi svo árum skiptir án þess að rétt að hafi verið yfir því. Lögreglumenn voru mun fleiri en mótmælendurnir á svæðinu, eða um 2000 talsins. Sjónarvottar segja að fjöldi fólks hafi verið handtekinn. Þetta voru þriðju mótmælin í landinu í mánuðinum, en mótmæli eru bönnuð í landinu.

thorunn@frettabladid.is



Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölíð er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin.



Hafragrautur úr Ota Sol Gryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.



Rizzo Pizzeria

ALLAR 16" PIZZUR Á 1990 KR
GRILL OG GRÆNIR RÉTTIR
20% AFSLÁTTUR

TILBOÐ GILDIR Í SAL OG SÓTT TIL 31. MARS 2011



GRENSÁSVEGI 10

108 REYKJAVÍK

WWW.RIZZO.IS

577-7000

FRÉTTASKÝRING: Atvinnuleysi á Íslandi

5. hluti

487 börn eiga báða foreldra atvinnulausa

8,6% atvinnuleysi

7.000 á atvinnuleysisráða börn

11.000 börn eru á heimilum atvinnulausra

Myndin tengist efni greinar ekki á neinn hátt.

Vakandi samfélag er lykillinn

Peir hópar sem taldir eru berskjaldaðri en aðrir fyrir kreppu og atvinnuleysi eru börn, ungar barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar. Peir sem gerst þekkja telja vandamál vegna atvinnuleysis vera að koma fram fyrst núna og séu meiri en þekkt hefur lengi.

Ég veit ekki hvort þú skilur ástandið og ég held að þú skiljir ekki alveg hvað er að vera atvinnulaus. Gerir þú þér grein fyrir því að sá atvinnulausi getur verið með börn á heimili, hann getur ekki greitt af húsnæðislánum sínum eða leigu, börnin fá ekki nema það allra lífsnauðsynlegasta. Móðir eða faðir lifir í ótta, kvíða og þunglyndi. Þetta smitast niður í börnin, þeim líður illa í skólanum [...] Börnin koma heim úr skólanum og vonast til að foreldrar sínir verði hressari. Það tekur á að vera atvinnulaus og það eru margir hlutir sem geta misfarist og alltaf bitnar þetta á börnunum," skrifar ónefndur bloggari.

Viðurkennd sannindi

Börn, ungar barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar eru að margra mati þeir hópar sem standa verst í kreppu og langvarandi atvinnuleysi. Um tveggja ára skeið hafa fimmtán til sautján þúsund manns verið á atvinnu-

Ráðgjöf utan seilingar

Elisabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri við Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd, segir að langvarandi atvinnuleysi hafi ekki bara slæm áhrif á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar heldur einnig félagsstöðu og heilsufar foreldra og það bitnar á börnum. „Mikilvægt er að gott aðgengi sé að ráðgjöf fyrir fjölskyldur og einstaklinga á þessum tíma. Félagssráðgjafar, og aðrir fjölskylduráðgjafar með sérþekkingu á þessum málum, veita aðallega hjóna- og fjölskylduráðgjöf á einkastofum. Hún er oft of dýr fyrir barnafjölskyldur ekki síst einstæða foreldra. Fjölskyldur innflytjenda og flóttafólks eiga einnig undir högg að sækja við harðnandi samfélagsaðstæður.“

Elisabet segir mikilvægt að hafa í huga hvernig hægt sé að draga sem mest úr áhrifum atvinnuleysis á börn og ungmenni. Eitt af því er að tryggja yngri börnum rétt til skólamáltíða og tómstundastarfs til jafns við börn efnameiri foreldra. Miklu skipti að mæta þörfum fjölskyldna í þessum aðstæðum með skipulegum aðgerðum stjórnvalda, meðal annars með markvissum stuðningi en einnig starfsráðgjöf, starfsþjálfun og starfsmiðlun. Eigi slíkar aðgerðir að skila sem mestum árangri þarf að tengja þær fjölskyldusamráði og samræmdu átaki þeirra þjónustukerfa sem í hlut eiga.

leysisskrá og um helmingur þess hóps með börn á sínu framfæri. Á heimilum þeirra eru tíu til ellefu þúsund börn. Af þeim hópi hafa á bilinu 450 til 600 börn átt báða foreldra án vinnu.

Það er viðurkennd staðreynd að

bernskan er mikilvægasta mótunarskeið ævinnar og viðeigandi viðbrögð á erfiðum tímum geta skipt sköpum fyrir framtíð barns. Á sama tíma er það einnig viðurkennd að staðreynd atvinnuleysis eykur álag á fjölskylduna og getur leitt til skilnaða, heimilisofbeldis og vanrækslu barna.

Börn á Íslandi eru um áttatíu þúsund alls og því eiga um fjórtán prósent barna atvinnulaust foreldri. Þau sem eiga báða foreldra atvinnulausa eru á um 350 heimilum þannig að í nálega fimmtungi tilvika er um systkini að ræða, segja árgamlar tölur Vinnuálastofnunar. Á þeim tímamarki áttu 22 prósent barna á Suðurnesjum atvinnulaust foreldri, en þar er staðan verst.

Heilsu og vellíðan ógnað

„Viðvarandi atvinnuleysi er alvarlegt áhyggjuefni þeirra sem láta sig varða velferð barna og fjölskyldna þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að atvinnuleysi hefur ekki aðeins neikvæð áhrif á fjárhag fjölskyldunnar heldur einnig á félagslega, andlega og líkamlega heilsu og vellíðan fjölskyldunnar,“ segir Elisabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri við Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd (RBF). „Foreldri sem missir vinnuna missir ákveðna stjórn á eigin lífi, erfiðara verður að standa við fjárhagsskuldbindingar og uppfylla

þarfir barna og maka, þetta veldur streitu og vanlíðan. Verri fjárhagsstaða fjölskyldunnar dregur úr möguleikum til þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra. Þetta gerir fjölskylduna viðkvæmari fyrir erfiðleikum og hefur áhrif á samskiptin og samstöðu innan fjölskyldunnar.“

Vítahringur

Fram hefur komið í rannsóknnum Sigrúnar Júlíusdóttur, prófessors við félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands, að einstæðir foreldrar eiga í vaxandi erfiðleikum við að sjá sér og börnum sínum farborða. Atvinnuleysi þeirra sjálfra eða ungmennis á heimilinu sem hvorki sækir nám eða vinnu, getur orðið upphaf að vítahring vonleysis og félagslegrar einangrunar. Vaxandi fjöldi ungs fólks sem býr í foreldrahúsum, hefur flosnað upp úr skóla og glímir við atvinnuleysi, er líklega eitt brýnasta úrlausnarefnið í dag, að hennar mati.

Kerfið

Velferðarvaktin, stýrihópur á vegum velferðarráðuneytisins, sendi frá sér vinnuskýrslu í mars 2009 þar sem segir að mikilvægt sé að allir sem vinna að málefnum barna, einkum félagsmálum, menntamállum og heilbrigðismálum, vinni náð saman. Eigi það sérstaklega við um ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga. En hefur þessu takmarki verið náð?

Það er mat viðmælenda Fréttablaðsins að samvinnu og samstarf í velferðarþjónustu megi bæta og gera markvissara og það sé nauðsynlegt að svo verði til að ná meiri árangri fyrir skjólstaðinga og samfélagið. Svo virðist sem minni hefð sé fyrir samstarfi á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vandinn er mestur, en á landsbyggðinni. Á þetta benti Halldór S. Guðmundsson, lektor við félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands, í fyrsta hluta þessarar fréttaskýringar.

Velferðarþjónustan hér á landi hefur byggst upp á tiltölulega skömmum tíma. Margar stofnanir eru að gera góða hluti með uppbyggilegum aðferðum til hagsbóta

við fólks sem glímir við atvinnuleysi. Hin síðari ár hefur verið aukið áhersla á samstarf í velferðarþjónustunni og hún samþætt á einu stjórnsýslustigi. Má þar nefna nýlega breytingu ráðuneyta í Velferðarráðuneyti, yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, samþættingu félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga í fjölskylduskrifstofur og þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar. Þá verður að nefna verkefni eins og Ungt fólk til athafna sem skapað hefur samstarfsvettvang fyrir stofnanir og sjálfboðaliðasamtök.

Í þeim efnahagserfiðleikum og atvinnuleysi sem nú gengur yfir verða sífellt fleiri að reiða sig á aðstoð og ráðgjöf einhverra þátta velferðarþjónustunnar og meira áberandi verður þörfin fyrir samstarf stofnana. Samhliða er aukið álag vegna síendurtekinnar kröfu um hagræðingu eða niðurskurð. Þessi staða kallar fram ólíka hagsmuni sem stjórnendur velferðarþjónustunnar þurfa að takast á við og er engum til hagsbóta.

Það má ekki gleymast hversu ólík staða atvinnulausra er og að úrræði sem þeim bjóðast geta verið mismunandi eftir því í hvaða kerfi þeir sækja sína þjónustu. Þetta á ekki síst við um barnafjölskyldur.

Skólarnir

Margrét María Jóhannsdóttir, umboðsmaður barna, segir fá erindi hafa borist sér þar sem atvinnuleysi er tilgreind ástæða skrifa fólks. Hún bendir á að afleiðingar kreppunnar á börn og barnafjölskyldur komi ekki fram strax og erfitt sé að meta þær og mæla. „Það virðist vera að þorra barna líði vel. En það er ákveðinn hópur sem virðist vera í verri málum en þekkt hefur lengi.“

Petrína Ásgeirsdóttir, fram-

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Fimmti hluti af níu
Næsta grein: Vandí einstaklingsins

kvæmdastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, deilir áhyggjum Margrétar Maríu af skólakerfinu enda sé starf skólanna stór þáttur í lífi barna. Rök megi leiða að því að uppeldisþáttur skólakerfisins frá leikskóla til háskóla sé engu minni en sá er snýr að beinni fræðslu. Niðurskurður geti á hinn bóginn leitt til þess að börn fái ekki þann stuðning og atlæti sem þau þurfa. „Við höfum sent ályktanir til allra sveitarstjórna þar sem niðurskurði er mótmælt. Það sýnir sig að þeir sem standa höllum fæti í samfélaginu líða mest fyrir fyrir þann vanda sem við glímum við núna. Í þeim hópi eru fjölmörg börn og hlúa þarf sérstaklega vel að þeim.“

Ólík börn

Petrína segir að Barnaheill hafi ekki síst áhyggjur af börnum og barnafjölskyldum af erlendum uppruna. „Maður spyr líka hvaða áhrif niðurskurður í skólakerfinu hefur á þennan hóp. Ég þori ekki að segja að þetta sé hópurinn sem er verst settur en hann er örugglega verr settur en margir. Til viðbótar við það sem aðrir glíma við eru þessar fjölskyldur að fóta sig í nýju landi; foreldrarir hafa sumir hverjir takmarkaða þekkingu á tungumálinu og íslensku samfélagi og ábyrgðin flyst því oft á börnin.“

Röksemd Petrínu ber að skoða í því ljósi að atvinnuleysi á meðal erlendra ríkisborgara er hærra en á meðal Íslendinga, einkum

„Hins vegar hef ég þungar áhyggjur af þróun mála, til dæmis niðurskurði í skólunum og líðan allra sem þar eru. Mín tilfinning er sú að afleiðingar kreppu og atvinnuleysis séu að koma mjög harkalega fram þessa dagana.“

MARGRÉT MARÍA JÓHANNSDÓTTIR
UMBODSMADUR BARNNA

Pólverja. Út frá áætlun um fjölda á vinnumarkaði er það nú um 13,5 prósent, en rúm sex prósent meðal Íslendinga. Þá sýna nýjar rannsóknir félagsráðgjafanna Hilmu Hólmfríðar Sigurðardóttur og Ástu Guðmundsdóttur á félagslegum aðstæðum pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík að börnum þessa hóps hefur fjölgað eftir hrun, ekki fækkað eins og margur skyldi ætla, þrátt fyrir mikinn fjölda brottfluttra. Tölur um búferlaflutninga frá Hagstofu Íslands sýna að brottfluttir Pólverjar umfram aðflutta árið 2009 voru 1.580 manns.


Vakandi samfélag

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði verulega eftir hrunið. Mest var það í Reykjavík og á Suðurnesjum, eða um 40 prósent á milli ára. Langmest atvinnuleysi er á þessum svæðum.


Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir barna- og unglíngageðlækninga á BUGL, hefur bent á að ekki hefur orðið marktæk aukning í eftirspurn eftir geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglíng. Hins vegar gengur það þvert á erlendar rannsóknir sem sýna að efnahagskreppa hefur neikvæð áhrif á geðheilsu barna og unglíng. Þetta kann að þýða að mati Ólafs að kreppan hafi ekki orðið jafn djúp hér og í þeim löndum sem hægt er að bera Ísland saman við, til dæmis hvað varðar atvinnuleysi og efnahag fjölskyldna. Hins vegar gæti skýringarinnar verið að leita í óþekktum jákvæðum eða verndandi þáttum sem kunna að leynast í íslenskri samfélagsgerð. Þegar upp er staðið er það þó stuðningur við börn í nánasta umhverfi þeirra sem skiptir mestu fyrir velferð barna; að allir sem að uppeldi þeirra koma, foreldrar, kennarar og aðrir, séu vakandi fyrir vísbendingum um vandamál og grípi strax inn í.

Hlutfall barna sem eiga atvinnulausa foreldra tölur maí 2010

Höfuðborgarsvæðið



Eftir landsvæðum



Talaðu við okkur um erlenda lánið þitt fyrir 25. mars

Við hvetjum þá sem eru með erlend húsnæðislán að hafa samband við Landsbankann fyrir 25. mars. Það gæti lækkað lánið þitt að hafa samband við okkur í tíma.

Samkvæmt lögum á Landsbankinn að endur-reikna öll erlend húsnæðislán með óverðtryggðum vöxtum. Í sumum tilfellum kemur hins vegar betur út fyrir viðskiptavin að reikna lánið með verðtryggðum vöxtum.

Þegar þú hefur samband við okkur getum við sýnt þér þær leiðir sem þér standa til boða og þú getur valið þá sem best hentar. Komdu til okkar fyrir 25. mars en eftir þann tíma verða öll lán reiknuð eins og lög gera ráð fyrir.

Hafðu samband fyrir 25. mars ef þú hefur ekki gert það nú þegar og vertu viss um að lánið þitt sé endurreiknað eins og það kemur best út fyrir þig.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Vill ríkisstjórnin vinna bug á atvinnuleysinu?

Hvað með Helguvík?

Atvinnuleysið er eitt brýnasta úrlausnarefni Íslendinga. Það er meira en verið hefur áratugum saman. Þúsundir manna hafa nú verið án atvinnu lengur en ár, sem hefur sömuleiðis verið óþekkt staða um langt árabil.

Ný störf verða ekki til í opinbera geiranum, þar sem skatttekjurnar hrökkva ekki fyrir útgjöldum og verið er að skera niður. Atvinna verður til í öflugum einkafyrirtækjum sem hafa skilyrði til að ráðast í ný verkefni, fjárfesta og bæta við sig fólki.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Alltof hægt hefur gengið að skapa þessi skilyrði hér á landi eftir bankahrunið. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, var harðorður í gagnrýni sinni hér í blaðinu á laugardaginn þar sem hann orðaði það svo að atvinnulífinu væri að blæða út. Fjárfestingar væru alltof litlar og fyrirtækin ekki að endurnýja sig. Þetta hefði í för með sér tekjutap ríkissjóðs vegna minni umsvifa, sem gæti leitt af sér enn nýjan niðurskurð og skattahækkunar.

Vilhjálmur benti á að framkvæmdir við álver Norðuráls í Helguvík og tilheyrandi orkuframkvæmdir myndu skipta sköpum við að koma atvinnusköpun aftur í gang. „Þegar menn eru á móti þessu verkefni eru þeir um leið að boða skattahækkunar upp á tólf til fimmtán milljarða. Ef Helguvík væri komin á fullt myndi það skipta ríkissjóð máli upp á allt að milljarði á mánuði,“ sagði Vilhjálmur.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra tók gagnrýni Vilhjálmss óstinnt upp í fréttum Stöðvar 2 og sagði ekkert standa upp á stjórnvöld í Helguvíkurmálinu. Fjárfestingarsamningi hefði verið lokið og pólitískur vilji væri „beggja vegna borðsins“ í ríkisstjórninni að klára málið. Það væru eingöngu deilur Norðuráls og HS orku sem stæðu í vegi fyrir verkefni.

Málið er þó engan veginn eins einfalt og Katrín vill vera láta. Fyrir helgi gagnrýndu bæjarstjórn Reykjanesbæjar og Garðsins að Helguvík væri ekki að finna á lista Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra yfir verkefni, sem skapa myndu ný störf á næstunni. Þeir töldu upp ýmis mál, sem hefðu tafið fyrir framkvæmdinni. Þar á meðal væri töf á rammaáætlun um orkunýtingu umfram það sem eðlilegt gæti talizt, hótanir um eignarnám á HS orku, tregða Orkustofnunar til að heimila stækkun Reykjanesvirkjunar, þvert á álit sérfræðinga og ólögð mætar aðgerðir umhverfisráðherra, sem tafið hefðu fyrir framgangi leyfisveitinga til virkjana í Þjórsá.

Við þetta má bæta ýmsum yfirlýsingum ráðherra Vinstri grænna, sem benda til að yfirlýsing iðnaðarráðherra um pólitískan vilja í báðum stjórnarflokkum til að ljúka málinu sé orðum aukin.

Álver í Helguvík er það tækifæri til atvinnusköpunar sem liggur beinast við. Það myndi skapa allt að tíu þúsund störf á framkvæmdatímanum og allt að tvö þúsund til frambúðar, að afleiddum störfum meðtöldum – á því svæði þar sem atvinnuleysið er mest. Alþjóðlegt fyrirtæki, sem Íslendingar hafa góða reynslu af, er tilbúið með tugi milljarða króna til að leggja í verkefnið. Dræmur áhugi í stjórnarliðinu á að það nái fram að ganga bendir til að stjórnin sé líka hálfvölg í því verkefni að vinna bug á atvinnuleysinu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sjálfstæðismenn á móti

Víðskiptablaðið birti á fimmtudag skoðanakönnun um stuðning við Icesave-samkomulagið sem kosið verður um 9. apríl. Athygli vakti að 59,1 prósent Sjálfstæðismanna voru mótfallin samkomulaginu. Þann 25. janúar birti Fréttablaðið könnun um sama mál en hún var gerð áður en forysta Sjálfstæðisflokksins tilkynnti að hún hygðist styðja samkomulagið. Þá sögðust 52,7 prósent Sjálfstæðismanna vilja hafna samkomulaginu.



Fylgja ekki forystunni

Búist var við því að stuðningur við samkomulagið myndi aukast meðal Sjálfstæðismanna í kjölfar ákvörðunar forystunnar. Ef marka má þessu nýju könnun hefur það hins vegar ekki gerst, þvert á móti hefur stuðningur minnkað. Forysta flokksins hefur að vísu ekki beitt sér að ráði gegn samkomulaginu en engu að síður virðist ljóst að meirihluti Sjálfstæðismanna treystir ekki forystunni í þessu máli.



Hægri kratar ókyrrast

Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu og varapingmaður Samfylkingarinnar, lýsti því yfir í Silfri Egils í gær að hún teldi farsælast að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking mynduðu nýja ríkisstjórn. Er þessi yfirlýsing í takt við þverrandi þolinmæði hægri krata í Samfylkingunni á núverandi ríkisstjórn ekki sist í kjölfar yfirlýsinga þingmanna um ofurskatta á ofurlaun og áframhaldandi hiks stjórnarinnar í atvinnumálum. Finnst mörgum hægri krötum erfitt að styðja ríkisstjórnina því hún starfi of langt til vinstri. magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Mósaík þjóðanna

Kynþáttafordómar



Baldur Kristjánsson
formaður þjóðmálanefndar þjóðkirkjunnar, sérfræðingur í ECRÍ

Evrópa er fjölmenningsamfélag. Í öllum ríkjum álfunnar, þar með talið á Íslandi, eru fjölmennir hópar innflytjenda sem fóstora menningu upprunlandsins og aðlagast smátt og smátt menningu heimalandsins.

Hugmyndir um að ólíkir menningarheimar renni áreynslulaust saman á tveimur til þremur kynslóðum hafa reyndar ekki gengið upp. Þriðja kynslóð innflytjenda hefur ekki tileinkað sér mál og menningu upptökulandsins í nægilegum mæli og heimalöndin hafa ekki opnað faðmunn nógu vel. Gettó hafa orðið til, einkum meðal ungra múslima.

Þjóðamósaík Evrópu er margbrottin og flókin. Hefðbundin landamæri draga nokkur mörk milli þjóða en eru alls ekki afmarkandi. Tyrkir lifa í Þýskalandi, Serbar í Montenegro, Ungverjar í Búlgaríu og áfram í það óendanlega. Hugtakið ein menning – eitt ríki á ekki við. Fjölmennig er staðreynd þó að menn deili um tungumál, blæjur, búrkur og krossa. Þó að sumum þyki óþægilegt að fólkið allt um kring sé

ekki allt eins á litinn eða játi ekki allt sömu trúna og tali ekki allt eins „þróað“ mál og afi og amma þá eru þeir fleiri sem njóta fjölbreytninnar og aðkomnir hafa á öllum tímum í sérhverju ríki auðgað menningu þess lands sem hefur tekið þá upp á arma sína.

Í dag 21. mars er einmitt alþjóðlegur baráttudagur gegn kynþáttamisrétti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi þessa dagsetningu í minningu 69 mótmælenda sem myrtir voru 21. mars 1960 er þeir tóku þátt í friðsamlegum mótmælum gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku.

Í tilefni dagsins boðar þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar til hádegismálþings í safnadarheimili Neskirkju. Þar munu Toshiaki Toma og undirritaður ræða um kynþáttafordóma og íslenskt samfélag og Magnús Erlingsson og Svavar Stefánsson segja frá því hvernig kirkjan nalgast innflytjendur. Allir eru velkomnir. Málþingið hefst kl. 12.00.

Loftslagsbreytingar og aðildarríkið Ísland

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólun þriðjudaginn 22. mars kl. 12–13.

Frummælendur

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar



Allir velkomnir

xs.is

Skuldir óreiðumanna

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhofundur



kosið ríkisstjórnir sem létu starfsemi Icesave viðgangast. Og höfðu að vísu einnig afhent umboð sitt stjórnámálönnum sem þrífaldlega sögðu í krafti síns embættis að Íslendingar myndu standa við skuldbindingar sínar varðandi Icesave.

„Aulabandalagið“

En fólkid sem asnaðist til að treysta jafn ótraustvekjandi mönnum og íslenskum bankamönnum: á það ekki bara að taka skellinn sjálft fyrir að hafa verið slíkir endemis „aular“ eins og Morgunblaðið kallar það, með tilvísan í einhvern enskan íhaldsþingmann? Það er nú það. Fyrir það fyrsta hefur það þegar fengið skaðann bættan frá þeim Maureen og Heychen, skattborgurum þessara landa, og eru Íslendingar eingöngu krafðir um að leggja fram það lágmark í þeim skaðabótum sem þeim ber samkvæmt evrópskum tilskipunum sem sjö íslenskir verjendur reyna nú að segja okkur að hægt sé að reyna að kjafta sig frá með kunnuglegum útúrslunum sem menn læra í Lagadeild HÍ.

Og í öðru lagi er það nú vitað að Landsbanki Íslands hélt sér gangandi með þessum peningum enskra og hollenskra sparifjäreigenda. Hvað táknar það? Jú, vissulega fór margt af því í hálfvitagang eigenda og helstu vildarmanna. En það táknar líka hitt sem við eigum kannski erfitt með að horfast í augu við: þessir peningar sem enskar ömmur voru að nurla saman í ellinni, líknarfélög voru að leggja inn til að hámarka framlög til sín, sveitarfélög hugðust ávaxta þarna til að byggja skóla – og þar fram eftir götunum: þessir peningar trú-

gjarnna sparifjäreigenda voru notaðir af íslenskum viðskiptavinum Landsbankans, hér á landi. Þeir fóru í bílakaup og fasteignabólu. Þeir fóru í kaup á fellihýsum sem voru nokkurs konar fótanuddtæki aldamótanna. Þeir fóru í að fjármagna utanlandsferðir og kvótakaup og yfirdrátt og allt hitt sem gekk á í íslensku hagkerfi, gott og slæmt, á þessum árum. Við getum ekki látið eins og Icesave-peningarnir komi Íslendingum ekkert við.

Hvers vegna lagði fólk fé sitt inn á Icesave-reikningana? Óreiðufólk? Aular? Eigum við ekki láta nægja að segja að þetta fólk hafi verið trúgjarn. Auglýsingaherferð Icesave var snjöll. Þar tókst Landsbankanum á ísmeygilegan og ósvífinn hátt að tengja starfsemina Íslandi órjúfandi böndum, gera smæðina að styrk; virkja jákvæðar kenndir fólks gagnvart elskulegri smáþjóð sem engum ógnar; sniðugri og skemmtilegri þjóð sem stæði fóstum fótum í sinni fornu menningu með álfatru og sterkri náttúrutengingu en væri um leið í fararbroddi nútímans og kynni skil á nýjustu aðferðum við netvæðingu allra hluta vegna óhefðbundinnar nálgunar og lausnamiðaðrar menningar fremur en að stunda eitthvert fjas og röfl. Icesave var fyrsti netbankinn á þessum slóðum. Landsbankamönnum tókst að telja almenningi og eftirlitsaðiljum í Englandi og Hollandi og Íslandi (þar sem lögboðið eftirlit átti að fara fram) trú um að hin hagstæðu vaxtakjör væru vegna þess að hinum snjöllu og hugkvæmu Íslendingum hefði tekist að ná svo mjög niður hefðbundnum kostnaði af bankastarfsemi með því að vera bara með bankann á netinu. Þessu trúði fólk.

Þessir peningar trúgjarnra sparifjäreigenda voru notaðir af íslenskum viðskiptavinum Landsbankans, hér á landi.

Á vanskilaskrá heimsins?

Erum við ekki annars alltaf að taka þátt í svona atkvæðagreiðslu? Í hvert sinn sem við fáum gluggabréf með rúkkun þurfum við að greiða atkvæði um það hvort við ætlum að borga það eður ei. Ef við greiðum það ekki eigum við á hættu að teljast til óreiðumanna. Við lendum á vanskilaskrá. Við fáum þá hvergi lán og allur rekstur heimilisins verður smám saman þyngri og erfiðari.

Pannig lítur umheimurinn á Íslendinga ef þeir ákveða að þessi skuld komi sér ekki við og að þeir ætli ekki að greiða hana – ekki vegna þess að þeir gætu það ekki, sem þeir geta alveg, heldur „af prinsippástæðum“. Því prinsippi „að greiða ekki skuldir óreiðumanna“.

Þá fer heimurinn – með réttu eða röngu – að líta á Íslendinga sem þjóð sem heldur alltaf þjóðaratkvæðagreiðslur þegar kemur að skuldadögum, til dæmis vegna lána til vegaframkvæmda eða skólabyggingar. Þá risi upp fólk og segi: þessi vegur gagnast MÉR ekkert... ÉG hef alltaf verið á móti þessum skóla. ÉG ætla ekkert að borga skuld sem MÉR kemur ekkert við...

Og Íslendingar húka fastir á vanskilaskrá heimsins. En með prinsippin á hreinu. Og segja nágrannaþjóðum að eiga sjálf sinn helvítis tjakk...

Er heimilt að setja Icesavelögin?

Icesave

Sjö hæsta-réttarlögmennt
skrifa um Icesavelögin

Var alþingismönnum heimilt að samþykkja Icesave-lögin? Í stjórnarskránni er kveðið á um að ekki megi taka lán sem skuldbindi ríkið nema samkvæmt lagaheimild. Hér er ekki verið að taka lán. Þegar lán er tekið fá menn peninga og afhenda skuldabréf. Hér er verið að láta þjóðina ábyrgjast skuldir, sem einkaaðili stofnaði til, löngu eftir að til hennar hafði verið stofnað.


Þegar stjórnarskráin var sett hefur líklega engum dottið í hug að alþingismenn myndu einhvern tímann ætla að láta almenning taka á sig slíkar ábyrgðir. Ef einhverjum hefði þá hugkvæmst þessi möguleiki hefði slíkt ráðslag áreiðanlega verið bannað í stjórnarskránni.

Hvað sem menn segja um lögmæti þess að setja Icesavelögin er enginn vafi á að setning þeirra er siðferðilega ámælisverð. Forðum þingmönnum frá þessari smán. Fellum Icesavelögin.

Brynjar Nielsson hrl.
Björgvin Þorsteinsson hrl.
Haukur Örn Birgisson hrl.
Jón Jónsson hrl.
Reimar Pétursson hrl.
Tómas Jónsson hrl.
Þorsteinn Einarsson hrl.

„... að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi.“

„Þegar ég verð stór langar mig að verða svona lagari sem getur lagað alls konar dót og svoleiðis. Svo langar mig að verða blómalæknir svo að öll blómin geti lifað þó að veturinn komi. Best væri samt að vera hjólamaður. Þá getur maður hjólað allan daginn og haft nesti með sér og skoðað fuglana á leiðinni og svoleiðis. Svo langar mig að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi. Ég held að hann þurfi aldrei að sofa eða borða fisk.“



Er þitt barn **okkar** barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku. OKKAR Framtíð er ný trygging fyrir börn og ungmenni sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum.

okkar

Það er einfalt að ganga frá OKKAR framtíðartryggingu á okkar.is

Afturkippur í jafnrétti

Jafnrétti

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
alþingismaður
Sjálfstæðisflokksins



Staðan er þessi: um 540 opinberum starfsmönnum hefur verið sagt upp, þar af voru 470 konur en 70 karlar, fæðingarorlofsgreiðslur hafa verið stórlega lækkaðar, börn komast seinna inn á leikskóla og launamunur kynjanna hefur litið minnkað.

Svona er nú jafnvægið hér á Íslandi rúmum tveimur árum eftir efnahagshrunið. Eflaust má finna á þessu margar skýringar, en þær bæta ekki ástandið. Eftir situr að menn sofnuðu á verðinum. Sjónarmiðin um að jafnréttiskrafan ætti ekki rétt á sér í kreppu, urðu ofan á. Illu heilli.

Mistök ráðamanna ættu að vera hverjum manni augljós. Stefna vinstri stjórnarinnar var kynjuð hagstjórn. Enginn vinnur meira gegn þeirri stefnu en stjórnin sjálf. Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar til eflingar atvinnu er hrópanði og það litla sem gert er miðar allt að því að styrkja hinar svonefndu „karlastéttir“ í stað þess að horfa til beggja kynja. Hugsunarleysi eða ekki, slæmt er það.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin sé almennt miklu hrifnari af skattahækkunum en niðurskurði, voru greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi eitt það fyrsta sem tekið var af fólki og fjölskyldum – og það ekki bara einu sinni heldur í þriggung. Þar

með var allt bit dregið úr einu helsta jafnréttistæki landsmanna þótt vissulega séu einhverjir sem gráti ekki það bitleysi. Við því mátti búast en undanlátssemi gagnvart slíkum draugum fortíðar er ekki í boði.

Sannarlega mætti nefna fleiri sláandi dæmi þar sem ábyrgðin úr ranni hins opinbera er augljós.

Við eigum alltaf að hafa jafnrétti í huga, heima hjá okkur, á vinnustaðnum og í daglegu lífi. Hvar sem er, hvenær sem er. Jafnréttismál eru samfélags-

Stefna vinstri stjórnarinnar var kynjuð hagstjórn. Enginn vinnur meira gegn þeirri stefnu en stjórnin sjálf.

Mál. Munum að mismunin, meðvitund sem ómeðvitund, hefst strax í æsku. Munum að mælingar á mismunin birtist víða hvort sem er í skóla, tómstundum eða vinnustöðum. Og hættum aldrei að tala um það. Sama hvað Icesave eða stjórnlagamál taka mikið pláss í umræðunni.

En þótt ráðamenn sofni á verðinum og gleymi því að jafnrétti á ávallt að vera til staðar, en ekki bara í jafnri skiptingu ráðherrasæta á milli kynjanna, skulum við hin muna eftir þessu mikilvæga máli, alltaf og alls staðar. Nú þarf að standa vaktina.

Ritstjóri í glerhúsi

Icesave

Ragnar Halldór Hall
hæstaréttarlögmaður



Athygli mín hefur verið vakin á forystugrein í Morgunblaðinu sl. föstudag, þar sem hinn hógværi og hlutlaus ritstjóri blaðsins sendir mér og fleiri lögmönnum tóninn fyrir að segja hug okkar í blaðgrein um það hvort ráðlegt sé að samþykkja lögin um Icesave-samningana eða hafna þeim. Augljóst er að skoðanir sem við létum í ljós hafa raskað jafnvægi ritstjórans. Ritstjórnin lætur sér sæma að tileinka skoðanir okkar þeim sem við höfum sum hver unnið fyrir og eiga í samkeppni við Morgunblaðið.

Lágkúra í blaðamennsku er ekkert nýmæli, en hún virðist hafa heltekið ritstjóra Morgunblaðsins í umfjöllun þess um þetta þýðingarmikla mál. Án þess að ég

hafi kannað það sérstaklega tel ég mig geta fullrytt að skoðanir eru mjög skiptar meðal viðskiptamanna þeirra átta lögmanna sem birtu grein um þetta mál í vikunni varðandi það hvort greiða skuli atkvæði með eða á móti samningnum.

Ég kalla þessa blaðamennsku lágkúra ekki síst vegna þess, að þetta sama dagblað lofaði umfjöllun mína um málið talsvert á fyrri stigum, þ. e. þegar ég lýsti mig andvígán fyrri samningum um málið. En nú – þegar fyrir liggur nýr samningur sem ég tel ráðlegt að samþykkja – þá leyfir leiðarhöfundur sér að halda því fram að með því sé ég sem lögfræðingur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og nánustu klíku hans að hvetja þjóðina til að axla enn eina afleiðinguna af umsvifum hans.

Þessi skrif ritstjórans eru ekkert annað en fáránlegur samsetningur manns sem sjálfur var knúinn til þess nauðugur að víkja úr embætti seðlabankastjóra eftir að hafa látið ríkissjóð Íslands taka á sig 300 milljarða tap af óstjórn

Lágkúra í blaðamennsku er ekkert nýmæli, en hún virðist hafa heltekið ritstjóra Morgunblaðsins.

hans á bankanum. Þó að Jón Ásgeir og fyrirtæki á hans vegum hafi fengið mikið fé að láni hjá Landsbanka Íslands á sínum tíma var það ekki hann sem stofnaði til Icesave-reikninganna.

Það gerðu þeir sem ritstjórnin sjálfur hafði nánast gefið bankann meðan hann var í aðstöðu til þess sem valdamesti stjórnmalamaður landsins. Þeir menn settu svo bankann kyrfilega á hausinn með sínum eigin fjárfestingum, hjálparlaust. Að mínu áliti færi betur á því að ritstjórnin hefði ekki mjög hátt um afleiðingar af gerðum manna sem þjóðin sýpur nú seyðið af.

Rógurinn allur þín megin Sigurður

Hrunið

Sölvi Tryggvason
fjölmiðlamaður



Sigurður Einarsson fór mikinn í grein sinni sem birtist í Fréttablaðinu fyrir helgi. Orðin sem hann notar þar dæma sig sjálf.

Af reglulega hörundsárri grein Sigurðar í Fréttablaðinu mætti ráða að ég hefði sérstaklega veist að honum. Það er alrangt, enda hef ég ekki einu sinni nefnt hann á nafn. Þar skilur á milli mín og Sigurðar.

Ég hef hins vegar aftur og aftur boðið Sigurði að koma í viðtöl til mín og verið afskaplega kurteis í ítrekuðum póstum mínum til hans í ein tvö ár. Það veit Sigurður. Hann hefur hins vegar ekki aðeins neit að koma í viðtöl, heldur hefur hann líka neitað að hitta mig til að ræða málin. Hver skýringin á því er veit ég ekki og hann verður að svara því. Ég bauðst til að hitta hann hvort sem er á Íslandi eða í London síðasta haust, en Sigurður sá ekki ástæðu til þess, jafnvel þó að ég tæki sérstaklega fram að mig langaði að fá að heyra hans hlið mála um Kaupþing Lúxemborg, þar sem ég hefði upplýsingar um bankann úr öðrum áttum.

Hvorki hann né aðrir yfirmenn

gamla Kaupþings hafa nokkurn tíma svarað ítrekuðum spurningum mínum. Ólíkt því sem Sigurður heldur fram hef ég einmitt lagt mig fram um að fá allar hliðar mála upp á yfirborðið. Úr því Sigurður fylgdist svo vel með því sem ég skrifa og svo hefði honum verið í löfa lagið að svara spurningu minni fyrir tveimur mánuðum síðan sem var svohljóðandi: „Hvernig mun Gazprom fá peninginn sinn sem var inn í Kaupþingi í Lúxemborg til baka og er málið ekki óþægilegt í ljósi þess hver á peningana?“

Það gerði hann ekki og enginn annar úr sömu herbúðum þrátt fyrir tölvupósta og færslur af minni hálfu. Þeir héldu kannski að málið myndi sofna. Tveimur mánuðum síðar endurtók ég því spurninguna og skrifaði hvers vegna ég bæri hana upp. Sigurður svarar nú í grein sinni í Fréttablaðinu í megindráttum þessu (skætinginn hef ég ekki með, enda langloka, en hann má lesa nánar í grein hans): „Hið rétta er að engin rússnesk fyrirtæki voru nokkru sinni með nokkur viðskipti við Kaupþing Lúxemborg.“

Sigurður beitir í greininni landsþekktum aðferðum sem útrásarvíkingar hafa ítrekað notað til að svara fjölmiðlamönnum. Félag geta verið skráð annars staðar en í Rússlandi og útibúin í Kaupþingi eru fleiri en eitt. Með því að svara

tæknilega er reynt að drepa málinu á dreif.

Hvað með Ushmanov?

En ég tel rétt að Sigurður svari því til úr hvaða útibúi átti að greiða lán til Úsbekans Alisher Ushmanovs? Var það lán ekki ætlað til að endurgreiða honum peninga sem hann átti inni í Kaupþingi? Þessar spurningar eru bara byrjunin á því sem þarf að spyrja hann að ef hann einhvern tíma gefur kost á viðtali.

Heimildarmenn mínir, sem eru fleiri en einn og hafa alltaf áður reynt hafa rétt fyrir sér í málum bankanna hafa lofað mér því að láta mig hafa umrædd gögn úr Kaupþingi í Lúxemborg ef Sigurður kemur til mín í viðtal. Þess vegna býð ég honum það hér með enn og aftur.

Sigurður kys í grein sinni að gerast persónulegur og kalla mig rógbera, slúðrara og mann sem er sama um að bera út lygar og standa sig illa í starfi. Eina skýringin sem ég get fundið á því að hann kjósi að nota þessi orð um mig að ástæðulaus er að hann þekki þessar tilfinningar vel sjálfur.

Sigurður hefur áhyggjur af hraða íslenskra fjölmiðla og ég deili þeim með honum. Sigurður gæti kannski kennt okkur fjölmiðlamönnum hvernig á að höndla allan þennan hraða, en hann var sem kunnugt er stjórnarformaður í banka sem setti heimsmet í hröðum vexti.

Ætt þín er rakin

Pistill

Valgarður Egilsson
læknir



B – og uni þær báðar þessu samlífi allar stundir síðan – og útkoman hafi orðið hinn fyrsti vísir að nútíma heilkjarna frumu.

Menn halda að nútíma heilkjörnungur sé að mestu leyti þróaður frá A – nema að hvatberinn sé afkomandi bakteríu B, þeirrar sem innbyrt var.

Þessi sambúð bakteríanna A og B, í einni sambreyksku, sem ein fruma, kynni að vera upphaf ástarinnar. Kynni líka að vera upphaf þrælhaldds. Eða samvinnu. Nýting auðlinda eflist og hér. Hvatberarnir geyma enn í sér erfðabúnað sem minnir á búnað baktería – þó er DNA-magnið lítið.

Þessi dreifkjörnungur, B, sem inn í annan (A) lenti: B tók að fjölga sér (eins og bakteríur gera; hvatberar skipta sér 'sjálfir') þarna inni í umfrymi heilkjörnungs – og nú tölum við framvegis um bakteríu B sem hvatberann okkar. – Í einum heilkjörnung búa stundum nokkur hundruð hvatberar – heil fjölskylda – af litlum hvatberum sem hafa búið þarna og fjölgað sér eins og aðrar tegundir – en undir

sömu himnum – sama ættin undir sömu himnum í meira en tvö þúsund milljón ár, og býr þar enn.

Grænuhornin í jurttunum voru, samkvæmt kenningunni, blágrænir þörungar í fyrndinni – og eiga líka að hafa komið sér fyrir á 'svipadán hátt' innan annars dreifkjörnungs. Grænuhorn hafa miklu meira af DNA í sér en hvatberi. Þau eru græn vegna þess að efnið blaðgræna drekkur í sig orku rauðu geislanna í litrófi sólarljóssins – en speglar frá sér grænum bylgjum þess.

Heilkjörnungar tóku upp samvinnu; útkoman er fjölfrumudýrin, meðal annarra t. d. menn.

Það má orða: Órófi fyrir frjóvgaði sólguð jörð. Grænan festi sér geislann rauða. Til lífs frá dauða var litur vakinn, hefst ljóð um ástina, önd þína og hold.

Ætt þín er rakin aftur – í ljós og mold

NÝ NÁMSKEIÐ
AÐ HEFJAST

World Class
ICELAND

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spónginni Grafarvogi Ógurhvarfi Kópavogi - Turminum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

Nýr vörulisti ...

Landsins mesta úrval hreinlætisvara.

Mikið úrval af umhverfisvottuðum vörum.



Sími 510 1200
www.tandur.is

TANDUR - Þegar hreinlæti skiptir máli

AEG

F-87004P / F-87004MP

- ✓ Toppgerðin frá AEG með óviðjafnanlega hljóðeinangrun, einstök þvottagæði og lúxus innréttingu
- ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi
- ✓ 4 hitastig 45-70°C
- ✓ Aqua Sensor óhrleinleikaskynjari
- ✓ XXL að innan - sama utanmál
- ✓ 3 ProClean þvottaarmar
- ✓ Mjög öflug vatnslekavörn
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Verð áður kr 169.900/179.900

3x A
EINKUNN

39
DESIBIL

AEG
TOPP
MÓDEL



HVÍT

PÚ SPARAR
20.000

Verð nú
149.900

STÁL

PÚ SPARAR
20.000

Verð nú
159.900

Electrolux

- ESF-63030 Uppþvottavél
- Hljóðlát uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhrleinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum
- ✓ Aðeins 49 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
- ✓ 3x A einkunn f. orku/þvott/purrkun
- ✓ Mjög vönduð innrétting
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Verð áður kr 119.900

3x A
EINKUNN

49
DESIBIL



PÚ SPARAR
30.000

Verð nú
89.900

5
KG

1000
SNÚNINGA

PÚ SPARAR
20.000
Verð nú
59.900

exquisit

- WA-5310 1000 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhráða
- ✓ Hraðval
- ✓ Ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Stór hurð
- ✓ Tekur allt að 5 kg
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 79.900

7
KG

1400
SNÚNINGA

A+ Orka

PÚ SPARAR
30.000
Verð nú
89.900

Electrolux

- EWF-147110 Þvottavél
- Sparneytin þvottavél sem tekur allt að 7 kíló af tæli. Eldsnögg að þvo og einföld í notkun.
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
- ✓ Notar 20% minni orku en áður
- ✓ Time Save hraðval, þú ákveður þvottatímamann, 30-55% títasparnaður á algengum kerfum
- ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg
- ✓ Stórt 30 cm hurðarop
- ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- ✓ Mörg sérkerfi s.s. ullarkerfi og handþvottur
- ✓ Verð áður kr 119.900

NOKKRIR GÁMAR AF SPARNADDI



Við vorum að landa risasamningi um hagstætt verð og misstum okkur í innkaupum. Njóttu vel!

ALLIR BLANDARAR

40% AFSLÁTTUR

exquisit

- GS-190
- ✓ 155 lítra frystiskápur (nettó)
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ 6 skúffur
- ✓ HxBxD 144x50x58 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900

Parf aldrei að afrysta

STÁL

PÚ SPARAR
50.000

Verð nú
99.900

HVÍTT

TOPP
MÓDEL



exquisit

- GS-300Inox
- ✓ Flottur stór 230 lítra frystiskápur með sjálfvirkri afrýstingu.
- ✓ Stjórnborð með skjá og aðvörunarkerfi
- ✓ HxBxD 175x60x60 cm
- ✓ Einnig fánlegur hvítur
- ✓ Verð áður kr 149.900



PÚ SPARAR
20.000

Verð nú
59.900

ZANUSSI

- ZRB-940PW Kæli- og frystiskápur
- ✓ Kællir 285 lítrar og frystir 92 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ HxBxD: 200x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr 139.900

XXL
200 CM



PÚ SPARAR
40.000

Verð nú
99.900

exquisit

- KGC-270/45
- ✓ Kællir 171 lítrar og frystir 41 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ Sjálfvirk afrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 143x544x58 cm
- ✓ Verð áður kr 74.900



PÚ SPARAR
20.000

Verð nú
54.900



exquisit

- EKC-30F Keramik helluborð
- Með 4 High Light hraðhellum
- ✓ Snertitakkar
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Ávalur glerkantur
- ✓ Verð áður kr 64.900

PÚ SPARAR
15.000

Verð nú
49.900

Snertitakkar

Electrolux

- ELK-12022HV
- Mjög vönduð eldavél með ekta blástursofni og keramik helluborði
- ✓ Ekta heitur blástur
- ✓ Alls 8 eldunarkerfi
- ✓ Hraðhellur
- ✓ Sjálfhrensandi ofn
- ✓ Kæld þríglerjuð hurð
- ✓ 2 plötur, 1 ofnskúffa og 1 grind
- ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr 159.900

Heitur blástur

Sjálfhrensandi

PÚ SPARAR
30.000

Verð nú
129.900

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is



49 ROSIE O'DONNELL, LEIKKONA OG ÞÁTTASTJÓRNANDI, er 49 ára í dag „Þegar þú þegir þá ertu eiginlega að ljúga.“

Merksatburðir 21. mars

- 1413** Hinrik V. tekur við konungdómi í Englandi.
- 1734** Jarðskjálftar verða á Suðurlandi, með þeim afleiðingum að sjö eða átta menn farast og tíu bæir hrynja til grunna en um 60 bæir skemmast, flestir í Ölfusi, Flóa og Grímsnesi.
- 1857** Jarðskjálfti í Tókýó í Japan varð yfir 100.000 manns að bana.
- 1881** Frost mælist 40°C á Akureyri og er það met þennan vetur, sem er mikill frostavetur. Metið er ekki viðurkennt.
- 1968** Í Vestmannaeyjum mælist 90 sentimetra djúpur snjór og þekkjast ekki önnur dæmi slíks þar.
- 1970** Dana, írsk söngkona, sigrar í 15. Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, sem haldin var í Amsterdam, með laginu All Kinds of Everything.
- 2010** Eldgos hefst í Fimmvörðuhálsi við Eyjafjallajökul.




EINHVERFIR Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Umsjónarfélags einhverfra, ásamt dóttur sinni, veitir peningunum viðtöku frá Hilmi Hjálmarssyni og Hjálmarí Hilmissyni.

Hnefaleikamót til styrktar hjartveikum og einhverfum börnum

Neistanum styrktarfélagi hjartveikra barna og Umsjónarfélagi einhverfra bárust á dögum góðir styrkir, en hvort félag fyrir sig hlaut 152.444 krónur. Aðdragandinn var sá að síðastliðið haust var haldið stórskemmtilegt góðgerðahnefaleikamót í Vodafonehöllinni sem þeir Hilmi Hjálmarsson og Stefán Gaukur Rafnsson stóðu fyrir ásamt Hnefaleikamiðstöðinni og Sveinsbakarí gagnert í þeim tilgangi að safna fé til styrktar þessum félögum. Við afhendingu fjárens höfðu þeir Hilmi og Stefán meðferðis þessar skemmtilegu tertur frá Sveinsbakarí sem viðstaddir gæddu sér á eftir afhendinguna.

- fsb



NEISTINN Guðrún Bergmann Franzdóttir formaður Neistans, ásamt dóttur sinni Anneyju Birtu Jóhannesdóttur, veitir peningunum viðtöku frá Stefáni Gauki Rafnssyni.

ÞETTA GERÐIST: 21. MARS 1980

J.R. skotinn í Dallas

Í síðasta þætti þáttaraðarinnar Dallas á tímabilinu 1979-80, sem sendur var út 21. mars 1980, var skúrurinn J.R. skotinn af óþekktum aðila. Tilræðið vakti gífurlega athygli og sjónvarpsstöðin CBS greip boltann á lofti og notaði frasann „Hver skaut J.R.?” til að auglýsa komandi þáttaröð. Frásinn náði feykilegri útbreiðslu og meðal annars notuðu kosningastjórar Ronalds Reagans í forsetakosningunum 1980 slagorðið „Það var demókrati sem skaut J.R.“ til að klekkja á andstæðingnum. Veðbankar um allan heim tóku við veðmálum um það hver hinna tíu af



aðalpersónunum væri líklegust til að hafa tekið í gikkinn og tyrkneska þingið frestaði þingfundir þingmenn gætu farið heim og horft á þennan fræga þátt þegar hann var loks sýndur í Tyrklandi. Vegna verkfalls leikara urðu aðdáendur að bíða til hausts 1980 eftir því að ljósi yrði varpað á málið og þeir fengu að vita bæði hver skaut og hvort J.R. hefði lifað tilræðið af. Það var svo loks í þætti sem sýndur var 21. nóvember 1980 sem í ljós kom að sú sem skaut var Kristin Shepard, mágkona og hjákona J.R. sem hleypti skotinu af í bræðikasti.



MED BIKARINN Aldís Guðný Sigurðardóttir, Steingrímur Árnason og Helen Neely eru að vonum í sjöunda himni yfir árangrinum í Leipzig.

FRETATABLAÐIÐ/GVA

LIÐ HR Í SAMNINGATÆKNI: LANDAÐI SILFRINU Í ALPJÓÐLEGRI KEPPNI Í LEIPZIG

Hefðu eins getað hreppt gullið

„Þetta var mjög skemmtilegt og kom ekki í ljós fyrr en í tveggja liða úrslitum hvort við hrepptum silfur eða gull.“ segir Aldís Guðný Sigurðardóttir, fyrirliði liðs Háskólans í Reykjavík í samningatækni, sem gerði sér lítið fyrir og lenti í öðru sæti í alþjóðlegri keppni háskóla í samningatækni í Leipzig í Þýskalandi um síðustu helgi. Liðið er skipað þremur nemendum Háskólans í Reykjavík, en auk Aldísar eru þau Helen Neely og Steingrímur Árnason í liðinu, sem Aðalsteinn Leifsson, lektor í viðskiptadeild, valdi saman og þjálfar.

Keppninni var komið á fót af Harvard-háskóla og háskólanum í Leipzig og er árlegur viðburður. „Það voru þrjátíu lið sem sóttu um að fá að taka þátt í keppninni en einungis tólf lið komust að og við vorum í þeim hópi.“ segir Aldís.

„Keppnin felst í því að þriggja manna lið nemenda setja sig inn í aðstæður þar sem tveir eða fleiri aðilar semja um viðskipti eða lausn deilumála og reyna að ná sem hagstæðastri niðurstöðu. Fylgst er með liðunum allan tímann og þeim er gefin einkunn fyrir frammistöðu meðal annars á grunni þess hversu vel þeim gengur að tryggja sínum sjónarmiðum brautargengi og hversu hagstæð niðurstaðan er fyrir báða aðila og áframhaldandi samskipti þeirra.“

Aldís segir keppnina hafa verið mjög harða en á endanum stóðu eftir tvö lið, lið HR sem var með flest stig og lið háskóla frá Varsjá. „Þetta hefði getað farið á hvorn veginn sem er.“ segir Aldís. „En lokaverkefnið snerist um bestun og það verður bara að segjast eins og er að það er ekki okkar sterk-

asta hlið. Hefði verkefnið verið á einhverju öðru sviði er allt eins líklegt að við hefðum sigrað. Þetta var mjög jafnt.“

„Annars held ég að þessi árangur sé nú fyrst og fremst vitnisburður um gæði meistaranámsins við HR. Þarna fengum við tækifæri til að skerpa enn frekar á því sem við höfum lært í alþjóðlegu umhverfi. Vissulega krefjandi en algerlega þess virði.“ skýtur Steingrímur, liðsfélagi Aldísar, inn í. Og Helen bætir við. „Það var eiginlega merkilegt hvað okkur tókst að hemja keppnisskapið á þjálfunartímanum. Við komum frekar yfirveguð inn í keppnina og það hjálpaði mjög við að skapa traust gagnadilanna sem á endanum réði úrslitum um þennan ánægjulega árangur.“

fridrikab@frettabladid.is



Elskuleg systir mín,
Ágústa Jónsdóttir Lorenzini

Iést á heimili sínu í New York þann 16.03.11. í faðmi fjölskyldu sinnar þar. Minningarathöfn um hana verður haldin í Fossvogskapelli þann 22.03.11 kl. 13.00.

Guðmundur Kristinn Jónsson Anna Eypórsdóttir Jónsson
Edda Björk Ragnarsdóttir
og aðrir ástvinir.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður og afa

Davíðs Þjóðleifssonar

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki heima-hlynningar Karitas, Grensásdeildar og Líknardeildar Landakots fyrir einstaka umönnun og þjónustu.

Guðbjörg Elín Ásgeirsdóttir
Jón Davíð Davíðsson
Anna Sólveig Davíðsdóttir
Bjarki Steinar Daðason



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Eddu Bragadóttur

hjúkrunarfræðings, Frostafold 6, Reykjavík.

Bjarni Hermann Sverrisson Erla Vignisdóttir
Lana Kolbrún Eddudóttir Jóhanna Björg Pálsdóttir
Ingibergur Bragi Ingibergsson
Magnús Grétar Ingibergsson
og fjölskyldur.



Leirkrúsin býður upp á fjölbreytt námskeið í vor. Má þar nefna handmótun fyrir byrjendur, mótun á rennibekk og helgarnámskeið í rakú- og tunnubrennslu. Sjá nánar á www.leir.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




Söluaðilar: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmíðjan
www.weber.is

Saumaði þvottarennu niður í kjallarann



Klifurjurt milli hæða

É g henti gjarnan tauti í tröppurnar til að taka með mér niður í þvottahús í næstu ferð. Þá fékk ég þessa hugmynd að útbúa langan poka milli hæðanna, sem væri eins og klifurjurt upp vegginn," segir Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuður þegar Fréttablaðið forvitnast um hlutverk þriggja metra langs taupoka á heimili hennar.

„Munstrið á efninu minnti mig svolítið á klifurjurt. Ég saumaði langan hólk sem dreginn er saman með snúru í botninn og festi hann með skrúfum efst við stigahandriði. Það besta er hversu mikið kemst í pokann, ég þarf ekki að þvo eins oft," segir Kristín Birna hlæjandi.

Hún hefur reyndar engan tíma til að þvo þessa dagana þar sem hún er önnur kafin við að undirbúa þátttöku í HönnunarMars sem hefst á fimmtudaginn. Kristín Birna er hluti af hönnunarteyminu Gerist sem mun meðal annars sýna Reykjavíkurhandklæðin og -sápuna á Laugavegi 91. Vörurnar unnu samkeppni um minjagrip Reykjavíkur árið 2010.

heida@frettabladid.is

TECE:

ideal STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð
45.000

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fermingartilboð

Gerð GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur



SAGA
Stærð Verð áður Verð nú
120x200 131.880 kr. **109.900 kr.**



IQ-CARE
Stærð Verð
120x200 **164.900 kr.**



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



10.000 kr. vörúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

Sænsku hönnuðurnir Marcus Abrahamsson og Kristoffer Fagerström hafa hannað ansi skemmtilegan garðbökk fyrir fyrirtækið Nola. Hann er litfagur og búinn til úr lituðum furuspýtum. Hönnunina kalla þeir Pylon en hún var sýnd á hönnunarsýningunni í Stokkhólmi nýlega.



HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FRÉTTIR · VIÐSKIPTI · ÍÞRÓTTIR · LÍFIÐ · UMRÆÐAN

VÍSIR
Meiri Vísir.

Stálhönnuðurinn sextugur

Ísraelski hönnuðurinn og arkitektinn Ron Arad er talinn til þeirra núlifandi hönnuða sem hafa haft hvað mest áhrif á hönnunarheiminn síðustu áratugi. Hönnuðurinn stendur á sextugu um þessar mundir.

Ron Arad fæddist í Tel Aviv og lauk prófi úr Listaháskóla Jerúsalem áður en hann flutti til London þar sem hann nam arkitektúr. Hér á landi eru nokkur verka hans vel kunn. Eitt það þekktasta er bókahillan „Bookworm“ sem endurspeglar aðalvinnuáferð Arad; að sveigja stál eftir eigin höfði og gæða húsögn þannig lífi.

Arad fer óvenjulegar leiðir. Hans fyrsta húsögn kom á markað árið 1981. Síðan þá hefur hann hannað fyrir marga þekktustu framleiðendur heims, þar á meðal Magis og Rosenthal og verk hans er að finna á öllum helstu söfnum veraldar, þar á meðal á Metropolitan Museum of Art og Centre Georges Pompidou í París.

Frá árinu 1997 hefur arkitektinn gegnt stöðu prófessors við húsögna- og iðnhönnunardeild Royal College of Art í London og hefur því ekki aðeins áhrif með hönnun sinni heldur líka sem kennari á hönnuði framtíðarinnar. -jma



Bookworm, eða bókaormur, kallast þessi hilla sem er einn þekktasti gripur Rons Arad.

Stólinn „Tom Vac“ hannaði Arad fyrir Vitra en hann hefur notið talsverðra vinsælda hérlendis.

Skemmtilegir vasar sem Arad hannaði fyrir Rosenthal árið 1996.

Voido-stólinn þykir einn best heppnaði ruggustóll síðari tíma. Stólinn hannaði Arad fyrir Magis.

Ron Arad hefur ekki síður sérstakan stíl sjálfur en húsöggnin hans.

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísöld ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00

Hiti í bústaðinn

Ryðfriir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun
Íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitan.is

Með gallerí á Grettisgötunni

Hönnunarteymið Attikatti er með hugmynda- og viðburðasmíðju og hefur numið land að Grettisgötu 4.

Innan Attikatti eru hönnuðirnir Bára Kristgeirsdóttir, Hanna Jónsdóttir og Rúna Thors. „Við tökum að okkur að hanna alls konar viðburði, merki, bæklinga, sviðsmyndir, húsöggn og fylgihluti eftir því sem við á,“ segir Bára sem sér um almannatengslin.

Í tilefni af HönnunarMars gengu þær Lilja Kjerúlf og Ninna Margrét Þórarinsdóttir í lið með Attikatti. Opnunarhóf gallerísins verður á Grettisgötunni þann 23. mars frá klukkan 18. „Sett verða á svið(akjamma) hæna, skiptinemi, sverð og fleira svona landnáms-..., eins og til dæmis skjöldur og maður höggvinn í herðar niður,“ segja stúlkurnar sem segjast munu stíga í vænginn við landnámsþætur og eigi það vafalaust eftir að enda með heljarinnar átökum og fjaðrafoki. -gun



Hanna Rúna Thors og Bára Kristgeirsdóttir skipa hönnunarteymið Attikatti.



Vorjafndægur voru í gær, styttest í sumarið.

Óskum eftir sérþýlum á söluskránnu.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIGI!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar eignir á skrá í 101 miðbæ Rvk

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir

audur@remax.is

Sölufulltrúi RE/MAX Senter



Húsið stendur á vinsælum stað á Seltjarnarnesi.

Óviðjafnanlegt útsýni

Fasteignasalan Miklaborg hefur til sölu glæsilegt endaraðhús á Vesturströnd á Seltjarnarnesi.

Húsið er 254 fm að stærð með óviðjafnanlegu útsýni til sjávar og Esjunnar.

Komið er inn í flísalagða forstofu með nýjum skápum. Forstofuherbergi er parketlagt. Hol er flísalagt. Baðherbergi er með baðkari og flísum á gólfi. Bílskúrinn er flísalagður og er einnig nýttur sem þvottahús. Jafnframt er lögð á baði. Fjölskyldurými er flísalagt og með útgangi út í garðstofu sem er flísalögð og með ofnum. Út frá henni er hellulögð afgirt verönd. Garðinn er auðvelt að hirða.

Á svefnherbergisgangi eru tvö herbergi og baðherbergi. Herbergin eru þrjú samkvæmt teikningu. Bæði herbergin eru parketlögð. Útgengt er úr hjónaherbergi yfir í yfirbyggðan skála með heitum potti. Baðherbergið er mjög rúmgott. Það er er flísalagt og með stórrí innréttingu og með nýjum sturtuklefa.

Á efri hæðinni er parketlögð stofa og borðstofa og eldhús með upprunalegri innréttingu. Útgangur er á svalir sem eru flísalagðar og er möguleiki að stækka eldhúsið inn í svalirnar en það hefur verið gert á sumum húsanna. Góð lofthæð er í stofu.

Búið er að skipta um þak að hluta. Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson í síma 661-2100 eða 569-7005.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

f t **vísir**

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Naustabryggja 2 - 110 Reykjavík

Mjög falleg 139,6 m² 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum ásamt bílastæði í bílakjallara við Naustabryggju 2 í Reykjavík. Tvennar svalir. Neðri hæð: Forstofa, eldhús, borðstofa/sjónvarpsstofa, baðherbergi með baðkari, svefnherbergi, þvottahús. Efri hæð: Stofa, baðherbergi með sturtu, svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara ásamt 7,1 m² sérgeymslu. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 29,9 m. 5183**

Lækjasmári - 201 Kópavogur

Glæsileg og björt 262,3 fm efri sérhæð með risi ásamt stæði í bílageymsluhúsi. Eignin er staðsett innst í lokaðri húsagötu í barnavænu umhverfi. Vestanvert við húsið er útivistar- og íþróttasvæði Breiðabliks í Kópavogsdal. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Stór og glæsileg eign. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 49,9 m. 5190**

Flugumýri - Atvinnuhúsnæði
291,6 m² iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði við Flugumýri 30 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 190,4 m² iðnaðarhúsnæði á enda ásamt 101,2 m² skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í endabili í sex eininga iðnaðarhúsnæði sem byggt er árið 2003. **V. 26,5 5192**

Ásvegur - Sumarbústaður
Fallegt fullbúið 52,4 fm sumarhús við Ásveg 10 í landi Stekkjaráss sem er um 5 mínútna akstur frá Borgarnesi. Um 15 fm gestahús fylgir bústaðnum sem ekki er inni í opinberri skráningu. Einnig er svefnloft ókráð. Fallegt og mikið útsýni. 7.500,- fm leigulöð. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 15,5 m. 5191**

Stórikriki - 270 Mosfellsbær
Fallegt 280,5 m² einbýlishús í byggingu á tveimur pöllum með innbyggðum bílskúr við Stórákrika 6 í Mosfellsbæ. Húsið sem er byggt úr forsteyptum einingum frá Einnigaverksmiðjunni telst fohelt. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 29,5 m.**

Næfurás - 110 Reykjavík

Rúmgóð 2-3ja herbergja íbúð á 3. hæð við Næfurás 12 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofuhol, gang, stórt hjónaherbergi með fataskáp, baðherbergi með baðkari og sturtu, aukaherbergi (gluggalaust), stofu, eldhús m/borðkrók og þvottahús inn af eldhúsi. **Lækkað verð. V. 17,9 m. 4848**

Austurbrún 23 - 104 Reykjavík

115,9 m² sérhæð ásamt 28 m² bílskúr við Austurbrún í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofuhol, 3 svefnherbergi, 2 samliggjandi stofur, baðherbergi og eldhús. Bílskúrinn er 28 m² með rafmagni og hita. Sér geymsla og sameiginlegt þvottahús er í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax. Komið er að ýmsu viðhaldi á eigninni. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 28,5 m. 5188**

Stóriteigur 12 - 270 Mosfellsbær

Opíð hús
Fallegt 180,9 m² endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, við Stórateig í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, 4-5 svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, stofu, borðstofu og bílskúrinn er 25,9 m². **V. 33,9 m.**

Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30
Fallegt 180,9 m² endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, við Stórateig í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, 4-5 svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, stofu, borðstofu og bílskúrinn er 25,9 m². **V. 33,9 m.**



Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk



Fákahvarf - einbýli við Elliðavatn. Sérlega glæsilegt 280 m² einbýlishús á einni hæð við Fákahvarf með miklu og fallegu útsýni yfir Elliðavatn. Húsið hefur verið innréttað af arkitekt og er allt sérsníðað. Lýsingin í húsinu er óbein þar sem loftið hefur verið tekið niður. Granít er ríkjandi á borðplötum, gólfum og vegg. Gluggar í stofunni er gólfíðir og nýtur útsýnið sín vel. Innangengt í stóran og flisalagðan 44 fm bílskúr. Innaf hjónaherbergi er baðherbergi með hvíldaraðstöðu innaf og síðan fataherbergi. **Verð 95 millj.**



Rauðarárstigur - 2ja herb
Björt og rúmgóð tveggja herbergja íbúð með góðum svölum og stæði í bílageymslu í nýlegu lyftuhúsi. Gott aðgengi fyrir fatlaða. Góðar innréttingar. Frábær staðsetning í hjarta borgarinnar. **Nánari uppl. á skrifstofu.**



Stuðlaseil - einbýli Fallegt 246,1 fm. vel staðsett einbýlishús á rólegum og veðursælum stað í lokaðri botnlangagötu. Mjög miðsvæðis. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. **Verð 54,9**



Sundlaugavegur - tvær íbúðir Neðri sérhæð og kjallara, tvær íbúðir, með bílskúr. Um er að ræða rúmgóða 109 fm. 4ra-5 herbergja neðri sérhæð ásamt 24,5 fm. bílskúr og 84,5 fm. 3ja herbergja íbúð í kjallara með sérinnangang. Samtals 218 fm. **Verð 39,8 millj.**

Höfum kaupanda að einbýlishúsi í Garðabæ

Leitum að 3ja - 4ra herb. íbúð í smáranum í Kópavogi

Höfum kaupanda að 2ja og 3ja herb. íbúðum í vestur- og miðbæ Reykjavíkur

Leitum að einbýli í Reykjavík með tveimur íbúðum.



Porláksgesli - 4ra herb.
Falleg 139,5 fm 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu lyftuhúsi með bílageymsla. . Laus við kaupsamning. **Verð 29 millj.**



Eskihlíð - 4ra herb
87,7 fm 4ra íbúð á 2. hæð með sérinnangang. Þvottahús og geymsla á jarðhæð. Suðursvalir. Björt og góð íbúð. **Nánari uppl. á skrifst.**



Lindarbraut - 2ja herb.
Rúmgóð 99,7 fm falleg 2ja herb. íbúð á jarðhæð á frábærum stað á Seltjarnarnesinu. Þar af 25,9 fm. bílskúrs, Timburvernd er við íbúðina. **Verð 27,9 millj.**



Leirvogstunga - einbýli
199,2 fm reisulegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Mosfellsbæ. Nýtt hús, klætt að utan með viðhaldslitilli klæðningu. **Verð 44,9**



Njálsgata - tvær íbúðir
Um er að ræða tvær íbúðir, eina 59,3 fm 2ja herb og eina 74,9 fm 3ja herb. Íbúðirnar eru lausar við kaupsamning. **Verð 28,4**



Leiðhamrar - einbýli
281 fm einbýlishús á tveimur hæðum þar af 61 fm innbyggðum bílskúr. Mikils útsýnis nýtur frá húsinu yfir sundin og Esjuna. **Nánari uppl. á skrifst.**



Rauðhamrar - útsýnisíbúð
Stór og björt útsýnisíbúð á tveimur hæðum, ásamt bílskúr, samtals 198,2 fm., í grónu hverfi. Opíð eldhús, stórar stofur og aukin lofthæð. Góðar suðursvalir. Mikil endurnýjuð íbúð. Fallegar innréttingar. Skipti möguleg á minni eign. **Verð 38,9m.**



Orrahólar - 2ja herb
61,6 fm 2ja herbergja íbúð á 8. hæð í lyftuhúsi. Glæsilegt íbúð, öll endurnýjuð. Áhvalandi hagstætt lán, skipti möguleg á stærri eign. **Verð 15,9**



Hraunatunga - endaraðhús
Hamar og Keflavík því komið í 1-0 í rímmunum en það lið sem fyrr vann þrjá leiki kemst í úrslit.

ÚRSLIT

IE-deild kvenna:

Keflavík-KR 63-60
Keflavík: Jacqueline Adamshick 15/22 fráköst/3 varin skot, Pállína Gunnlaugsdóttir 15/7 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 13/5 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 10, Marína Caran 7, Ingibjörg Jakobsdóttir 3.
KR: Hildur Sigurðardóttir 19/12 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 11/6 fráköst, Chazny Paige Morris 9/6 fráköst, Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir 8, Hafarún Hálfánardóttir 4/6 fráköst, Signý Hermannsdóttir 4/9 fráköst, Helga Einarssdóttir 3, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 2.
Hamar-Njarðvík 85-77
Hamar: Jaleesa Butler 24/13 fráköst, Krístrún Sigurjónsdóttir 16, Slavica Dimovska 15/5 stoðsendingar, Guðbjörg Sverrisdóttir 12/6 fráköst, Jenny Harðardóttir 8, Fanney Lind Guðmundsdóttir 5, Íris Ásgeirsdóttir 3, Þórunn Bjarnadóttir 2.
Njarðvík: Shayla Fields 26/13 fráköst, Dita Liepkalne 23/6 fráköst, Julia Demirev 18/19 fráköst, Ina María Einarssdóttir 7, Ólöf Helga Pálsdóttir 3/5 fráköst/5 stoðsendingar.

Stjarnan neitar að fara í frí

Stjörnumenn neituðu að láta sópa sér í frí er Grindavík kom í heimsókn í Garðabæinn í gær. Stjarnan lék magnaðan varnarleik í síðari hálfleik og réði lögum og lofum á vellinum. Liðin mætast í úrslitaleik í Grindavík.

KÖRFUBOLTI Stjarnan náði að knýja fram oddaleik í baráttunni um sæti í undanúrslitum eftir frábæran sigur á Grindavík, 91-74 í gærkvöldi. Stjörnumenn voru betri á öllum sviðum körfuboltans og léku gestina úr Grindavík oft grátt. Liðin þurfa nú að mætast í þriðja sinn á miðvikudagskvöld í hreinum úrslitaleik um hvort liðið kemst áfram í undanúrslitin.

Grindvíkingar byrjuðu leikinn af krafti með Pál Axel Vilbergsson í fararbroddi en hann skoraði tíu fyrstu stigum í liði Grindavíkur. Stjörnumenn náðu þó fljótlega yfirhöndinni og voru fjórum stigum yfir, 26-22, eftir fyrsta leikhlutana. Renato Lindmets lék frábærlega í fyrri hálfleik í liði Stjörnunnar því hann skoraði 18 stig og fiskaði ófáar villurnar á Grindvíkinga. Stjarnan leiddi í hálfleik, 44-38.

Síðari hálfleikurinn var eign Stjörnunnar sem lék hreint út sagt magnaðan varnarleik og áttu gestirnir úr Grindavík engin svör. Heimamenn pressuðu Grindvíkinga hátt upp völlinn sem var heldur betur að skila sér því Grindvíkingar töpuðu alls 25 boltum í kvöld. Mestur var munurinn kominn upp í um 20 stig þegar Grindvíkingar bitu frá sér undir lok leiksins. Lokatölur 91-74 við mikla kátínu stuðningsmanna Stjörnunnar.

Lindmets var atkvæðamesturur í liði Stjörnunnar en hann skoraði 29 stig, Justin Shouse skoraði 23 stig ásamt sjö stoðsendingum og Jovan Zdravevski með 19 stig og tók sjö fráköst. Hjá Grindavík dró Páll Axel Vilbergsson vagninn með 27 stig og Ryan Pettinella skoraði 15 stig og tók 13 fráköst.

„Ég er hrikalega sáttur og við spilum nákvæmlega eins og ég lagði upp með. Við náðum upp varnarleikum sem við höfum verið að spila eftir áramót og nú fáum við einn möguleika í viðbót til að komast í undanúrslitin eins og við höfum stefnt að í allan vetur,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar kátur í leikslök.

„Við vorum gríðarlega öruggir á öllum sviðum og gáfum Grindvíkingunum engin færi á okkur. Við fáum frábært framlag frá strákun-



BARÁTTA Nick Bradford fékk ekkert gefins hjá varnarmönnum Stjörnunnar í gær.

um af bekknum og nú höfum við kannski örlítið sálfræðilegt forskot fyrir oddaleikinn. Síðustu tvö ár höfum við tapað þessum þriðja leik í 8-liða úrslitum en nú ætlum við að komast áfram.“

Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur var handóánægður með frammistöðu sinna manna og heimtar að menn girði sig í brok fyrir oddaleikinn.

„Þetta var skelfilegur seinni hálfleikur hjá okkur og Stjörnumenn voru augljóslega berjast fyrir lífi sínu. Við vorum alltof slakir og það vantaði alla bar-

áttu í okkar leik. Það er ekki hægt að vinna körfuboltaleik þegar þú tapar 25 boltum,“ sagði Helgi óhress.

Nick Bradford hefur haft hægt um sig síðan hann mætti til leiks með Grindvíkingum og skoraði aðeins 10 stig í gærkvöld. Helgi segir að það hafi ekki verið mistök að fá hann í liðið.

„Ég fékk Nick til landsins vegna þess karakters sem hann hefur að geyma. Hann átti slakan leik eins og flestir í liðinu en vonandi sýnir hann úr hverju hann er gerður.“



ÖFLUG Sunna María Einarssdóttir var sterk í liði Fylkis.

N1-deild kvenna:

Fylkir í úrslita-keppnina

HANDBOLTI Það var mikil spenna þegar lokaumferð N1-deildar kvenna fór fram.

Fylkir og HK börðust um síðasta sætið í úrslita-keppninni. Fylkir þurfti að fá stig gegn Stjörnunni því HK átti auðveldan leik gegn ÍR enda kom það á daginn að HK rúllaði yfir Breiðhýltinga.

Fylkir barðist grimmilega fyrir sínu gegn Stjörnunni og náði í stigjóð sem upp á vantaði.

ÚRSLIT

N1-deild kvenna:

Fylkir-Stjarnan 28-28
Mörk Fylkis: Sunna María Einarssdóttir 9, Sunna Jónsdóttir 5, Sigríður Hauksdóttir 3, Arna Erlingsdóttir 3, Tinna Soffía Traustadóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 2, Nataly Sæunn Valencia 1.
Mörk Stjörnunnar: Jóna Margrét Ragnarsdóttir 9, Elisabet Gunnarsdóttir 4, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Hildur Harðardóttir 3, Kristín Jóhanna Clausen 3, Esther Víktoría Ragnarsdóttir 2, Gunnur Sveinsdóttir 2, Sólveig Lára Kjærsted 2.
ÍR-HK 15-38
Mörk ÍR: Sif Jónsdóttir 3, Silja Ísberg 3, Jóhanna Guðbjörnsdóttir 2, Ella Kowaltz 2, Guðrún Eysteinsdóttir 2, Hekla Ámundadóttir 1, Þorbjörg Steinarsdóttir 1, Steinunn Sveinbjörnsdóttir 1.
Mörk HK: Brynja Magnúsdóttir 12, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 7, Elísa Ósk Viðarsdóttir 6, Elín Anna Baldursdóttir 5, Tinna Rögnvaldsdóttir 3, Elva Björg Arnarsdóttir 2, Auður Ómarsdóttir 1, Líney Guðmundsdóttir 1, Guðrún Bjarnadóttir 1.
FH-Haukar 24-22
Mörk FH: Birna Íris Helgadóttir 5, Heiðís Guðmundsdóttir 4, Berglind Björgvinsdóttir 4, Margrét Arnósdóttir 4, Ingibjörg Pálmadóttir 2, Sigrún Gílsdóttir 2, Steinunn Snorradóttir 2.
Mörk Hauka: Þórunn Friðriksdóttir 5, Elsa Björg Arnardóttir 5, Sandra Sif Sigurjónsdóttir 4, Þóris Helgadóttir 3, Karen Sigurjónsdóttir 2, Víktoría Valdimarsdóttir 2, Erla Eiríksdóttir 1.
ÍBV-Valur 23-35
Mörk ÍBV: Ester Óskarsdóttir 11, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Þórstína Sigurbjörnsdóttir 2, Aníta Elíasdóttir 2, Sigríður Lára Garðarsdóttir 2, Rakel Hlynisdóttir 1, Sandra Gísladóttir 1.
Varin skot: Berglind Dúna Sigurðardóttir 11.

KR komst fyrst allra liða í undanúrslit Iceland Express-deildar karla er Vesturbæingar sópuðu Njarðvík í frí:

KR-ingar flugu létt inn í undanúrslitin

KÖRFUBOLTI KR vann öruggan sigur á Njarðvík, 80-96, í 8-liða úrslitum Iceland Express-deild karla í Ljónagryfjunni í gær og vann því einvígið 2-0.

Frábær varnarleikur KR-inga og gríðarlega mikil barátta einkenndi sigurinn í gær og algjört kennslubókadæmi hvernig lið eiga að vinna saman í hópíþróttum.

Gestirnir í KR lögðu grunninn að sigrinum í þriðja leikhlutunum en þá spiluðu þeir frábæran varnarleik og Njarðvíkingar náðu aðeins að skora níu stig.

Brynjar Þór Björnsson, leikmaður KR, átti virkilega finan leik en hann skoraði oft og ekki á mikilvægum tímum þegar Njarðvíkingar virtust vera að nálgast KR. Liðið lék aftur á móti mjög vel sem heild og allir leikmenn komu á einhvern hátt að sigrinum.

„Þetta er virkilega góð tilfinning,“ sagði Brynjar Þór Björnsson, leikmaður KR, eftir sigurinn í gær. „Við vissum alveg að Njarðvík væri með gott lið en það er



STERKUR Marcus Walker átti góða leiki gegn Njarðvík.

erfitt að búa til liðsheild á tveimur vikum og það varð þeim að falli í þessu einvígi. Við höfum spilað saman í allan vetur og það er búið að reyna mikið á okkar hóp. Það

var virkilega sterkt að vinna þetta einvígi sérstaklega eftir að hafa spilað heldur illa í síðustu leikjum mótsins. Körfubolti er leikur áhlaupa, þeir komu með sitt áhlaup

á okkur en við misstum samt sem áður aldrei tök á leiknum og því var sigurinn aldrei í hættu. Núna fáum við ágætis hvíld og Fannar (Ólafsson) getur hvílt á sér puttann aðeins, en það er samt hundleiðinlegt að fá ekki að spila strax,“ sagði Brynjar Þór.

„Við töpuðum bara fyrir mun betra liði í kvöld,“ sagði Friðrik Ragnarsson, annar þjálfari Njarðvíkinga, eftir tapið í kvöld.

„Ef við hefðum tapað í hörku spennandi leik í kvöld þá væri ég hugsanlega meira svekktur en svo var ekki og við áttum í raun ekkert í þá. KR er hreinlega bara með betra lið en við í dag og því var þetta fyllilega sanngjarnt. Leikurinn spilaðist ekki eins og við höfðum lagt upp með en markmiðið var að halda þessu í lágu stiga-skori en við áttum bara fá svör við sóknarleik KR. Það verður að segjast alveg eins og er að við hefðum þurft lengri tíma til að ná upp meiri liðsheild,“ sagði Friðrik svekktur eftir leikinn.

VERTU Á RÁSPÓL ÞEGAR KEPPNIN HEFST NÆSTU HELGI

VIÐ RÆSUM **F1** Formula 1™ FORMÚLUNA 26. MARS

Nú verður Formúla 1 meira spennandi en nokkuð sinni fyrr. Fimm heimsmeistarar eru í hópi þeirra sem berjast um titilinn og ýmsar tækninýjungar gera kappaksturinn enn snarpari og æsilegri en áður.

FÖSTUDAGUR 25/3
F1 FÖSTUDAGUR KL 20:30

LAUGARDAGUR 26/3
TÍMATAKA KL 6:00
ENDURSÝNT KL 12:00

SUNNUDAGUR 27/3
KAPPAKSTUR KL 5:30
ENDURSÝNT KL 12:00
VIÐ ENDAMARKIÐ KL 8:00

TÍMATAKAN OG KAPPAKSTURINN VERÐA Í OPINNI DAGSKRÁ.



ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÁSKRIFT

Safnaðu punktum í Stöð 2 Vild sem hægt er að nýta í að greiða niður viðbótaráskrift og vörur og þjónustu hjá samstarfsfyrirtækjum. Fylgstu með nýjungum á stod2.is í apríl.

Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Extra, Stöð 2+, Stöð 2 Bíó+ og Stöð 2 Extra+ fylgja áskrift og barnastöðin Jim Jam fylgir einnig með í mars.



allt fyrir áskrifendur

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT
NÚNA Í SÍMA 512 5100
EDA Á STOD2.IS

ÞAD ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Fyrir
203
krónur
færð þú:




EDA

0,9 LÍTRA
AF BENSÍNI



EDA

UM 2 KLST. Í
STÖÐUMÆLI



EDA

1/4 AF
BÍOMÍÐA



EDA

2 DL AF BJÓR
Á BARNUM



BEINAR ÚTSENDINGAR
FRÁ FORMÚLUNNI
OG MARGT FLEIRA

Stöð 2 Sport kostar aðeins 203 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

SUNDERLAND - LIVERPOOL	0-2
0-1 Dirk Kuyt, víti (32.), 0-2 Luis Suarez (77.).	
CHELSEA - MAN. CITY	2-0
1-0 David Luiz (79.), 2-0 Ramires (90.)	
ASTON VILLA - WOLVES	0-1
0-1 Matt Jarvis (37.).	
BLACKBURN ROVERS - BLACKPOOL	2-2
0-1 Charlie Adam (24.), 0-2 Charlie Adam (28.), 1-2 Christopher Samba (48.), 2-2 David Hoilett (92.).	
EVERTON - FULHAM	2-1
1-0 Seamus Coleman (35.), 2-0 Louis Saha (48.), 2-1 Clint Dempsey (61.).	
MAN. UNITED - BOLTON WANDERERS	1-0
1-0 Dimitar Berbatov (87.).	
STOKE CITY - NEWCASTLE UNITED	4-0
1-0 Jonathan Walters (28.), 2-0 Jermaine Pennant (45.), 3-0 Danny Higginbotham (48.), 4-0 Ricardo Fuller (92.).	
WEST BROMWICH ALBION - ARSENAL	2-2
1-0 Steven Reid (2.), 2-0 Peter Odemwingie (57.), 2-1 Andrei Arshavin (69.), 2-2 Robin van Persie (77.).	
WIGAN ATHLETIC - BIRMINGHAM CITY	2-1
0-1 Liam Ridgwell (5.), 1-1 Tom Cleverley (24.), 2-1 Maynor Figueroa (91.).	

STADAN:

ManUnited	30	18	9	3	64-30	63
Arsenal	29	17	7	5	59-29	58
Chelsea	29	16	6	7	53-24	54
Man City	30	15	8	7	45-27	53
Tottenham	29	13	10	6	41-34	49
Liverpool	30	13	6	11	41-36	45
Bolton	30	10	10	10	42-41	40
Everton	30	9	13	8	40-39	40
Sunderland	30	9	11	10	33-37	38
Stoke City	30	11	4	15	36-38	37
Newcastle	30	9	9	12	44-45	36
Fulham	30	7	14	9	33-33	35
Blackburn	30	9	6	15	39-51	33
Aston Villa	30	8	9	13	37-51	33
Blackpool	30	9	6	15	45-60	33
WBA	30	8	9	13	41-56	33
West Ham	30	7	11	12	36-49	32
Wolves	30	9	5	16	35-49	32
Birmingham	29	6	13	10	28-41	31
Wigan Athletic	30	6	12	12	29-51	30



EKKI Á FÖRUM Gareth Bale hefur trú á því að Spurs sé á leið á toppinn.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Bale framlengir við Spurs:

Hjá Spurs til ársins 2015

FÓTBOLTI Velski vængmaðurinn Gareth Bale virðist ekki vera á förum frá Tottenham því hann er búinn að framlengja samning sinn við félagið til ársins 2015.

Þessi 21 árs gamli kantmaður hefur slegið í gegn í vetur og stimplað sig inn sem einn besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar.

Bale kom til Spurs frá Southampton er hann var 17 ára gamall. Hann er þegar búinn að spila 112 leiki fyrir Spurs og skora 17 mörk.

- hbg



MAGNAÐUR David Luiz er að slá í gegn hjá Chelsea og hann skoraði mikilvægt mark gegn Man. City í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea nálgast toppinn

Chelsea er komið í bullandi toppbaráttu eftir sanngjarnan sigur á Man. City, 2-0, í uppgjöri ríku liðanna. Brasilumaðurinn David Luiz hefur góð áhrif á lið Chelsea og gengur honum mun betur að skora fyrir Chelsea en Fernando Torres.

FÓTBOLTI Chelsea er á mikilli siglingu þessa dagana og var betri liðið í leiknum gegn Man. City í gær. Chelsea er nú stigum á eftir toppliði Man. Utd en á leik inni. Svo á Chelsea eftir að mæta United í deildinni þannig að það er erfitt að afskrifa meistarana í baráttunni.

Brasilumaðurinn David Luiz heldur áfram að slá í gegn hjá Chelsea en hann braut ísinn með góðu skallamarki gegn Man. City í gær. Michael Essien segir að þessi skrautlegi Brasilumaður hafi mjög góð áhrif á hópinn hjá félaginu.

„Hann hefur verið frábær síðan hann kom. Chelsea þarf á svona leikmönnum að halda. Hann er alveg magnaður,“ sagði Essien um Luiz sem er búinn að skora tvö mörk á meðan 50 milljón punda maðurinn Fernando Torres hefur ekki enn tekist að skora. Torres var enn og aftur slakur í gær.

Essien veit að Chelsea er að blanda sér í toppslaginn af fullri alvöru en er með báða fætur á jörðinni.

„Við tökum einn leik í einu og sjáum svo hvað gerist. Við verðum að halda áfram að trúa því að við getum unnið deildina. Það er mikið eftir og við verðum að berjast fyrir hverju stigi. Þessi sigur var mjög mikilvægur en við þurfum að hafa fyrir sigrinum,“ sagði Essien.

Liverpool vann afar sterkan útsigur á Sunderland. Smá heppnisstimpill var yfir sigri liðsins enda



BA(R)NVÆNIR Luis Suarez fagnaði marki sínu með því að heiðra Lucas Leiva sem var að eignast barn.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

fékk Liverpool gefins víti sem skiladói þeim fyrra marki leiksins. Sem fyrr var mikið talað um framtíð Kenny Dalglish, stjóra Liverpool, eftir leikinn en það er beðið eftir því að forráðamenn Liverpool bjóði honum langtímasamning. Sjálfur er Dalglish pollrólegur.

„Blöðin segja að ég hafi beðið um fjögurra ára samning. Ég kannast ekki við það. Svo sá ég að mér hefði verið boðinn tveggja ára samningur. Ég hef ekki séð það tilbóð,“ sagði Dalglish yfirvegaður en hann kippir sér lítið upp við fréttir fjölmiðlanna.

„Ég hef ekkert að segja fyrr en það er frá einhverju að segja. Það er ekkert vandamál hjá mér og það

er engin pressa á neinum. Það eru hagsmunir félagsins sem skipta mig mestu máli.“

Dalglish vildi lítið tjá sig um vítið umdeilda. „Ég sá þetta ekki almennilega þar sem ég var. Það sem skiptir máli er að strákarnir lögðu mikið á sig og skiluðu góðu verki,“ sagði Dalglish en það var dómariinn vinalagi, Kevin Friend, sem ákvað að dæma víti eftir að hafa ráðfært sig við aðstoðardóm-arann.

„Ég sá á sjónvarpsmyndum í hálfleik að þetta var ekki víti en ég hélt upprunalega að þetta hefði verið víti. Þetta féll með okkur,“ sagði Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool. henry@frettabladid.is



FÆR BANDIÐ AFTUR John Terry verður kominn með fyrirlíðabandið í næsta leik.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Terry aftur orðinn fyrirlíði:

Rio í fýlu

FÓTBOLTI John Terry hefur ekki fengið mikið af góðum fréttum síðustu mánuði en hann gat glaðst um helgina þegar Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, staðfesti að hann væri aftur orðinn fyrirlíði enska landsliðsins.

Capello tók fyrirlíðabandið af Terry á sínum tíma er upp komst að hann hafði verið að sænga hjá unnustu liðsfélaga síns, Wayne Bridge. Sá tók málið svo nærri sér að hann hætti í landsliðinu þar sem hann vildi ekki vera nærri Terry.

Rio Ferdinand tók við bandinu af Terry á sínum tíma og hann er sagður vera hundfúll út í landsliðsþjálfarann. Telur Capello hafa sýnt sér lítilsvirðingu.

Capello segist hafa reynt að boða Rio á fund síðasta miðvikudag vegna málsins en Rio hafi ekki viljað mæta. Capello segist ekki hafa neinar skýringar.

Dramatíkin í kringum þetta blessaða fyrirlíðaband heldur því áfram.

- hbg



ARON PÁLMARSSON Hér á fullri ferð í leiknum gegn Flensburg í gær.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn:

Hamburg í kjörstöðu

HANDBOLTI Hamburg steig ansi stórt skref í átt að þýska meistaratitlinum í gær en liðið valtaði yfir lið Dags Sigurðssonar, Fuchse Berlin.

Hamburg var miklu sterkara frá upphafi og leiddi 19-9 í leikhléi. Þegar upp var staðið vann Hamburg 13 marka sigur, 22-35. Alexander Petersson skoraði tvö mörk fyrir Berlin í leiknum.

Kiel er enn fjórum stigum á eftir Hamburg en Kiel vann sinn leik á sama tíma í gær. Kiel lék þá gegn nágrönnum sínum í Flensburg og vann stórsigur, 38-26.

Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel í leiknum.

- hbg

Manchester United áfram á toppnum eftir að tíu leikmenn liðsins lögðu Bolton:

Berbatov kom United til bjargar

FÓTBOLTI Tíu leikmenn Man. Utd unnu mikilvægan sigur á Bolton á sama tíma og Arsenal missteig sig illilega er það sótti WBA heim. Þar var markvörðurinn Manuel Almunia skúrkurinn hjá Arsenal.

Það var varamaðurinn Dimitar Berbatov sem tryggði Man. Utd sigur gegn Bolton tveim mínútum fyrir leiklok. Rúmum tíu mínútum áður hafði Jonny Evans, varnarmaður Man. Utd, verið rekinn af velli fyrir skrautlega tæklingu. Leikmenn United létu það ekki á sig fá, héldu áfram að sækja og uppskárú sigur.

„Þetta var ekki fullkomin frammistaða hjá okkur en við gáfumst aldrei upp. Það er það sem karakterinn í þessu félagi snýst um. Hér gefast menn aldrei upp og ekkert annað félag statar af þeim karakter sem þetta félag hefur,“ sagði sigurreifur stjóri Man. Utd,



HETJAN Dimitar Berbatov hefur mátt sætta sig við bekkjarsetu upp á síðkastið en svaraði því með góðu sigurmarki um helgina.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson, sem mátti gera sér að góðu að horfa á leikinn úr stúkunn þar sem hann er nýbyrjaður í fimm leikja banni.

Manuel Almunia gaf WBA seinna mark sitt í leiknum gegn Arsenal með glórulauðu úthlaupi.

Arsenal kom til baka og náði að jafna.

„Tölfræðilega töpuðum við stigum en sálfræðilega unnum við stig eftir að hafa lent undir. Baráttan er ekki búin,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.

- hbg

SpinningFit
Ketilbjöllur
CrossFit

World Class
ICELAND

Spennandi húsnæði til sölu eða leigu



Viltu eiga sviðið

... eða leigja það?



Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m². Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m² kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m² aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



Banki

Húsnæðið er 292 m² og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.



Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m². Húsið er ákaflega rammbýggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.




Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.

Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á www.asbru.is/fasteignir.



Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



> Salma Hayek

„Ég bíð eftir því að hitta karlmann sem hefur stærri hreðjar en ég.“

Salma Hayek leikur Mörthu Beck í kvikmyndinni *Lonely Hearts*, en myndin er byggð á sönnum atburðum sem áttu sér stað á 5. áratug síðustu aldar þegar ungt par lék lausum hala og framdí hvert morðið á fætur öðru og er myndin á Stöð 2 Bíó kl. 22.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG ENDALAUSIR UNDRÁHEIMAR BRESKS SJÓNVARPS

Að hafna tilboðum til að byrja með

Breskt sjónvarp er til margra hluta nýtsamlegt. Það kemur okkur til hlæja, kennir okkur að elda góðan mat, sýnir okkur hvað er að gerast í heiminum með snertiskjá (mjög töff) og veitir okkur innsýn inn í líf fólks sem virðist stundum vera merkilegra en við. Svo framleiða Bretar líka skemmtipætti (e. Game shows) sem þó f þykja síður áhugaverðir en framangreindir efnisflokkar.

Deal or No Deal er rótgróinn skemmtipáttur, sýndur daglega á þeirri ágætu sjónvarpsstöð BBC Entertainment. Það er ekkert við þáttinn sem bendir til þess að hann sé framleiddur í dag, heldur gæti fólkíð, sviðið, handritið og efnistökin mjög auðveldlega hafa verið gerð fyrir um það bil 25 árum. Svona þegar Gettu betur var að stíga sín fyrstu skref, með öllu sem því fylgdi. Ég þekki fólk sem gerir sér reglulega ferð í sjónvarpshornið á heimili



sínu til þess að fylgjast með Deal or No Deal. Þættinum sem snýst meira og minna um það hvort þátttakendur nái að vinna sér inn fullt af pening, smá pening eða engan pening. Og það eru engar spurningar, þrautir eða skilyrði sem fólk þarf að leysa. Bara að benda á rétta kassa og velja, eða hafna, tilboðum. Deal or No Deal, sum sé. Mér fannst þetta sjónvarpsefni álika spennandi og innanhúsfótbolti. Ekki datt mér í hug að eyða svo mikið sem einni mínútu af lífi mínu í þetta. En þá ákvað yngsti fjölskyldumeðlimurinn allt í einu að

spennan sem fygir spurningunni hvort þátttakendur lenti á rauðri tölu (slæmt) eða blárrí (gott), væri óbærileg. Ég horfði því á einn þátt til enda.

Ég skemmti mér bara ágætlega. Mun betur heldur en við framaldsskólainnanhúsfótboltamótið, að minnsta kosti.

SJÓNVARPIÐ

- 16.40 Eva María og Ragnar Kjartansson
- 17.20 Landinn (e)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Mærin Mæja (7:52)
- 18.08 Franklín (56:65)
- 18.30 Sagan af Enyó (12:26)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Montezuma (MonteRzuma) Í þessari bresku heimildamynd er farið til Mexíkó og sagt frá hinu forna menningar-samfélagi Asteka og síðasta og merkasta höfðingja þeirra, Montezuma II.
- 21.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi (7:12) Veðurspár eru meðal mikilvægustu þátta í samfélagsþjónustu okkar. Hvernig verða þær til? Frá því er skýrt í þættinum. Farið er yfir langtíma rannsóknir á fjölmiðlanotkun barna og fjallað um vatnsvernd og ýmislegt sem henni fylgir.
- 21.30 Mumbai kallar (6:7) (Mumbai Calling) Bresk gamanþáttaröð um Kenny, Indverja fæddan á Bretlandi, sem er sendur til Mumbai til að taka við rekstri símværs.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Íslenski boltinn
- 23.00 Meistaradeild í hestaþróttum
- 23.20 Þýski boltinn
- 00.20 Kastljós (e)
- 00.40 Fréttir (e)

BÍÓ

- 08.00 Crossroads: A Story of Forgiveness
- 10.00 The Spiderwick Chronicles
- 12.00 Reality Bites
- 14.00 Crossroads: A Story of Forgiveness
- 16.00 The Spiderwick Chronicles
- 18.00 Reality Bites
- 20.00 Drillbit Taylor
- 22.00 Lonely Hearts
- 00.00 The Lost World: Jurassic Park
- 02.05 Darfur Now
- 04.00 Lonely Hearts
- 06.00 Bourne Identity

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Lie to Me (2:13)
- 11.00 Masterchef (6:13)
- 11.45 Falcon Crest (20:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 America's Got Talent (17:26)
- 14.25 America's Got Talent (18:26)
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (12:19)
- 19.45 The Big Bang Theory (3:17)
- 20.10 Glee (16:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvisu.
- 20.55 The Event (12:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök.
- 21.40 Nikita (3:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnun-argögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnunum og morðingjum.
- 22.25 Saving Grace (3:14) Lögreglukonan Grace er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
- 23.10 Modern Family (16:24)
- 23.35 Chuck (18:19)
- 00.20 Burn Notice (13:16)
- 01.05 Awesome. I Fuckin' Shot That!
- 02.30 The White Massai
- 04.40 The Event (12:23)
- 05.25 The Simpsons
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 18.00 Iceland Expressdeildin - Upphitun Hitað upp fyrir úrslitakeppnina í Iceland Express-deildinni í körfuknattleik karla. Guðjón Guðmundsson fær til sín Svava Björgvinnsson og Benedikt Guðmundsson, helstu sérfræðinga landsins í körfuknattleik og saman fara þeir yfir möguleika liðanna í úrslitakeppninni. Rætt verður við þjálfara allra liðanna og leikmenn.
- 19.00 ÍR - Keflavík Bein útsending frá leik ÍR og Keflavíkur í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfuknattleik.
- 21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 23.00 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
- 23.50 ÍR - Keflavík Útsending frá leik ÍR og Keflavíkur í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfuknattleik.

SPORT 2

- 07.00 Chelsea - Man. City
- 15.50 Stoke - Newcastle
- 17.35 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líffleg og fagleg umræða um enska boltann.
- 18.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 19.45 PL Classic Matches: Leeds - Tottenham, 2000
- 20.15 Man. Utd. - Bolton Útsending frá leik Manchester United og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 23.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
- 23.30 Everton - Fulham

SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.20 7th Heaven (21:22) (e)
- 17.05 Game Tívi (8:14) (e)
- 17.35 Dr. Phil
- 18.20 Spjallið með Sölva (5:16) (e)
- 19.00 Judging Amy (19:22)
- 19.45 Will & Grace (9:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
- 20.10 90210 (17:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Rappaninn Snoop Dogg er í gestahlutverki að þessu sinni þar sem Naomi reynir að heilla Max með því að bregða sér í Avatar-genvi.
- 20.55 Hawaii Five-O (3:24) Ný þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum.
- 21.45 CSI (10:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Rannsóknarteymið reynir að hafa upp á barnaniðingi sem grunaður er um að myrða eiginkonu alríkislögreglumanns og ræna börnunum hans.
- 22.35 Jay Leno
- 23.20 The Walking Dead (6:6) (e) Hörkuspennandi hrollvekjupættir frá leikstjóra The Shawshank Redemption sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda. Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Rick og baráttu hans við uppvakninga.
- 00.10 Rabbit Fall (5:6) (e)
- 00.40 Will & Grace (9:24) (e)
- 01.00 Hawaii Five-O (3:24) (e)
- 01.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.40 Transition Championship (4:4)
- 12.00 Golfing World
- 12.50 Transition Championship (4:4)
- 17.10 Golfing World
- 18.00 Golfing World
- 18.50 Transition Championship (4:4)
- 23.10 Golfing World
- 00.00 Champions Tour - Highlights (4:25)
- 00.55 ESPN America

EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.15 E.R. (19:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Pressa (1:6) Ný þáttaröð af Pressu. Nú hafa liðið nokkur ár frá því við skildum við blaðakonuna Láru sem ræður sig til starfa hjá ungunum og myndarlegum forstjóra olíufélags. Þegar hann er grunaður um að vera viðriðinn morð á ungru konu vaknar óbilandi sannleiksþrá Láru og áður en hún veit af er hún farin að stunda rannsóknarblaðamennsku á Póstinum á ný. Inn í þessa fléttu blandast svo innreið danskra glæpasamtaka sem hyggjast hasla sér völd á Íslandi.
- 22.40 Chase (12:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnum.
- 23.25 Boardwalk Empire (5:12) Þættir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum.
- 00.20 E.R. (19:22)
- 01.05 The Doctors
- 01.45 Sjáðu
- 02.10 Fréttir Stöðvar 2
- 03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV



- 18.15 Tveir gestir
- 18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðenskt mannlíf.
- 19.00 Fróðleiksmolinn



- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Einn fremsti hráæðiskokkur Breta og hvernig við þössum upp á blóðsýkurinn.
- 20.30 Lífið Öskubuskuvæntýri í Skövde.
- 21.00 Frumkvöðlar Frumkvöðlar munu reisa þjóð úr öskustó.
- 21.30 Eldhús meistarana Magnús Ingi og Viðar Freyr komnir aftur til Fiskiskóningsins.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



„Critics choice“
Time Out, London



„Þessi leikasýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnlegt leikverk.“
I.P., Mbl.

AUKASÝNINGAR Í MAÍ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

fim. 12/5 kl. 20 - lau. 21/5 kl. 20 - fös. 27/5 kl. 20

FAUST

Vesturport

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

Í KVÖLD



STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00
ÍR - Keflavík

Bein útsending frá öðrum leik ÍR og Keflavíkur í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfuknattleik. Tekst ÍR-ingum að stöðva Keflavíkurhraðlestina í kvöld?

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfreginir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.03 Vít og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfreginir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 12.50 Dánarfreginir og auglýsingar 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnumar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Rán 15.25 Eru Íslendingar mikil bókaþjóð? 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir 18.55 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.10 Lestur Passíusálma 22.17 Gimi, grúsk og glórir 23.07 Lostafulli listræninginn 23.42 Málstofan 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

11.50 Dalziel and Pascoe 12.40 Dalziel and Pascoe 13.30 Deal or No Deal 14.10 Deal or No Deal 14.45 Deal or No Deal 15.20 Keeping Up Appearances 15.50 Robin Hood 16.35 Robin Hood 17.20 Deal or No Deal 17.55 Deal or No Deal 18.30 Keeping Up Appearances 19.00 Keeping Up Appearances 19.30 Coupling 20.00 Coupling 20.30 Mutual Friends 21.25 How Not to Live Your Life 21.55 How Not to Live Your Life 22.25 How Not to Live Your Life 22.55 Whose Line Is It Anyway? 23.20 Whose Line Is It Anyway?

DR 1

10.30 Gintberg på kanten 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 21 Søndag 11.55 Klovedal i Indonesien 12.55 Downton Abbey 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Downton Abbey 15.00 Humf 15.05 Timmy-tid 15.15 Alfons Åberg 15.30 Kaj og Andrea 16.00 Downton Abbey 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Jamie Olivers eget køkken 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 Jamie i det fede USA 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.35 Talismanen

NRK 1

12.50 Glimt av Norge 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Oppdrag Sognefjorden 14.00 NRK nyheter 14.10 Dallas 15.00 NRK nyheter 15.10 Popstokk 16.00 NRK nyheter 16.10 Vår aktive hjemme 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førkveld 17.40 Distriksnyheter 18.45 Puls 19.15 Den nordiske smaken 19.45 Glimt av Norge 19.55 Distriksnyheter 20.30 Bibliotekstven 21.30 Sangskatter med Jan Eggum 22.00 Kveldsnytt 22.15 Mysterier med George Gently

SVT 1

13.40 Flight of the Conchords 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 En idiot på resa 15.50 Vilma 15.55 Midvinterduell 16.50 Lindeman 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Klass 9A 19.30 Dom kallar oss artister 20.00 Gynekologen i Askim 21.00 Hej litteraturen! 21.30 Myten om mödomshinnan 22.00 Klass 9A 22.30 Monty Python 40 år 23.25 Veckans brott

Kringlan



Kringlukast
Síðasti dagurinn

Mán - mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000



Á FERÐ OG FLUGI MEÐ ARNARI OG ÍVARI

Komdu með í skemmtilegt ferðalag með þekktustu hreystimennum þjóðarinnar. Fimm borgir verða heimsóttar, áhugaverðir staðir skoðaðir og keppt við heimamenn í skemmtilegum og skrytnum íþróttum.

Hefst á fimmtudag kl. 20:05



Iceland Express HÁMARK FRÓTEINDYKJERUR



„Það er blanda af ristuiðu brauði með sultu, appelsínusafa og Herbalife-shake í restina.“

Hrafn Kristjánsson, þjálfari meistarflokks KR í körfubolta.

Sendir spilara á stærsta pókermót heims

„Þetta er það stærsta sem hefur verið gert í pókerum hérlendis og jafnvel þótt víðar væri leitað,“ segir pókerkóngurinn Davíð Rúnars-son, Dabbi Rú, á Gullöldinni í Grafarvogi.

Pókerklúbburinn í Gullöldinni hyggst senda sigurvegara Grant's-mótaraðarinnar, sem hófst síðasta föstudagskvöld, á mót í WSOP-mótaraðinni í póker, sem er stærsta og virtasta pókermótarað heims. Þá munu sex spilarar eiga möguleika á að vinna sig inn á Evrópumótaraðina EMOP.

Dabbi segir að pakkinn sem sigurvegari Grant's mótaraðarinnar fái í sinn hlut kosti um eina og hálf milljón. „Þeir sem við erum að senda út eru ekki að borga krónu heldur greiðir pókerklúbburinn á Gullöldinni allan kostnað,“ segir hann.

Ekki er langt síðan Davíð og félagar fóru að senda sigurvegara í mótaraðum sínum á mót erlendis. Tveir spilarar eru leiðinni til Portúgals að keppa í mars og þrír í viðbót fara þegar Burn-mótaraðinni lýkur. Dabbi segir mótshaldara í Danmörku, Möltu og Nor-egi hafa klórað sér í höfðinu yfir því hvernig hægt sé að halda svona stórar mótaraðir í jafn litlu landi. Hafa þeir sent honum fyrirspurnir um fyrirkomulag mótanna. „Þeir vilja apa þetta eftir mér og setja upp samskonar mót í sínu landi,“ segir hann stoltur.

- afb

PÓKERKÓNGURINN Davíð Rú er dug-
legur við að senda íslenska pókerspilara
á mót erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTIR AF FÓLKI

Poppstjarnan **Ingólfur Þórarinsson**, betur þekktur sem Ingó, hefur lagt fyrstu drög að sólóferli sínum. Ingó hefur undanfarið gefið út tónlist undir merkjum Ingós og Veðurguðanna en nú er fyrsta sólóplata hans í vinnslu og er áætlað að

hún komi út fyrir jólnin. Ingó vinnur þessa dagana að upptökum á plötunni og sendi á dögnum fyrsta lag plötunnar í útvarpsspilun. Lagið kallast Fanny og segja aðdáendur kappans að það komi þeim í rétta skapið fyrir sumarið.



Kurteist fólk, ný kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, verður frumsýnd 31. mars næstkomandi. Margir af vinsælli leikurum þjóðarinnar leika í myndinni, til að mynda Ingvar E. Sigurðsson, Hilmi Snær Guðnason, Halldóra Geirharðsdóttir og Benedikt Erlingsson, svo óhætt er að bera nokkrar væntingar til útkomunnar. Aðalleikarinn

Stefan Karl Stefánsson er sem kunnugt er búsettur í Kaliforníu og hafði hann ráðgert að fljúga heim til að vera viðstaddur frumsýninguna. Plön stjórnunnar breyttust hins vegar og hann hefur afboðað komu sína.

- hdm



KLÁRIR Í SLAGINN Björn Jónsson og Daníel Þórðarson ætla ekkert að gefa eftir í skákboxinu næstkomandi föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iðnaðarmenn - arkitektar - húseigendur



HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa

Endurgjaldslaus ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga
kl. 16 – 18 og á sama tíma í síma 411 6333

Húsafriðunarnefnd – ÍÐAN fræðslusetur – Minjasafn Reykjavíkur

BJÖRN JÓNSSON: ÉG FER ÓHRÆDDUR Í ÞENNAN BARDAGA

TÖLVUNIRÐIR HEYJA EINVÍGI Í SKÁK OG BOXI

„Ég fer óhræddur í þennan bardaga,“ segir Björn Jónsson.

Tveir starfsmenn í þrívíddar-teymi tölvuleikjafyrirtækisins CCP, þeir Björn og Daníel Þórðarson, ætla að keppa í skákhnefaleikum í Laugardalshöll næstkomandi föstudag, 25. mars, á Fanfest-aðdáendahátíð tölvuleiksins EVE online. Hið áhugaverða er að Björn er með 2039 Elo-stig en hefur aldrei keppt í hnefaleikum en Daníel varð Íslandsmeistari í hnefaleikum árið 2009 en er

aftur á móti með engin Elo-stig.

„Ég lít á þetta þannig að ég held að hann sé verri í skák en ég í boxi. Það er ljóst að við eigum okkar sterku greinar. Það er bara spurning hvor verður flinkari að verjast í því sem hann er slakur í,“ segir Björn og ætlar ekkert að gefa eftir.

Keppt er í lotum og er byrjað á skáklotu í fjórar mínútur. Tekin er einnar mínútu hvíld á milli og síðan hefst hnefaleikalota í þrjár mínútur. Loturnar ganga svo á víxl þar til annað hvort mátað er í skák-

inni eða slegið rothögg í hringnum. Frítt verður inn í Laugardalshöll auk þess sem aðdáendur EVE online geta fylgst með skákboxinu í beinni útsendingu á netinu.

CCP safnar 500 króna áheitu vegna keppinnar og rennur allur ágóðinn til samtakanna Sjónarhóls. Hægt er að heita á Björn í síma 99201 og á Daníel í síma 99202. Skoða má myndband um viðureignina á síðunni Youtube ef slegið er inn Eve Chessboxing.

freyr@frettabladid.is

Opnar vefsíðu fyrir hármódel

Anna Sigríður Pálsdóttir hárhönnuður hefur komið á laggirnar fyrstu íslensku vefsíðunni þar sem hárgreiðslufólk getur á auðveldan og fljótlegan hátt fundið fyrirsætur fyrir ýmis verkefni.

„Hugmyndin að síðunni kom til þegar ég var að vinna að eigin hárlínu í fyrra og ein fyrirsætan forfallaðist á síðustu stundu. Það er ekkert hlaupið að því að finna nýja fyrirsætu með svipað hárlínu með engum fyrirvara og ég fór að spá í því af hverju það væri ekki til síða sem þessi til að auðvela manni lífið og spara tíma og fyrirhöfn,“ útskýrir Anna Sigríður, eða Anna Sigga eins og hún er oftast kölluð.

Vefsíðan, Hármódel.is, er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi en svipuðum síðum er haldið úti bæði í Bandaríkjunum og víða í Evrópu. Að sögn Önnu Siggú verða fyrirsæturnar að hafa náð átján

ára aldri en þess utan sé öllum frjálst að skrá sig. „Fólk skráir sig í gegnum síðuna og svo kemur það til mín og ég skrái niður ýmsar upplýsingar, til dæmis hárgerð og hversu opið fólk er fyrir breytingum. Það eru ekki allir sem vilja láta líta á sér hárið eða klippa það mjög stutt.“

Síðan er tiltölulega nýkomin í loftið og því er lítil reynsla komin á starfsemi hennar en Anna Sigga telur að það breyttist í lok mánaðarins þegar fagmenn fara að kynna nýjar vor- og sumarlínur. „Það er mikið um stórar hársýningar núna í lok mars og þá kemur betur í ljós hvernig vefurinn leggst í menn. Hingað til hefur þó verið tiltölulega auðvelt að fá fyrirsætur á skrá,“ segir hún að lokum.

Áhugasamir geta skráð sig með því að senda póst á netfangið harmodel@harmodel.is.

- sm



FRUMKVÖÐULL Anna Sigríður Pálsdóttir hárhönnuður hefur komið nýrri vefsíðu á laggirnar. Þar geta fagmenn leitað eftir hárfyrirsætum á auðveldan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TRX Spinning
Átak konur
Peak Pilates

WorldClass
ICELAND

Ótrúlegt verð!

SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

Ferðir 5.-16. apríl (11 nætur)

Sjá einnig
önnur frábær
verðdæmi á
plusferdir.is!

Spretturinn hefst í dag kl. 12:00!

Vertu í viðbragðsstöðu því við ræsum af stað sjóðheitan sólarsprett á tvo æsispennandi áfangastaði á hlægilegu verði!

Sólarspretturinn hefst mánudaginn 21. mars kl. 12:00 og þú hefur aðeins 24 klukkustundir til að bóka ferðina þína á þessu einstaka tilboði - fyrstir koma fyrstir fá!



Ótrúleg tilboð:

Verðdæmi á mann:

Tenerife

11 nætur 5.-16. apríl

99.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna. Flug og gisting í 11 nætur á Tropical Playa ***. Brottför: 5. apríl.

Verðdæmi á mann:

Kanarí

11 nætur 5.-16. apríl

96.600 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna. Flug og gisting í 11 nætur á Las Arenas **. Brottför: 5. apríl.



plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is



FRÉTTIR AF FÓLKI

Stjórnur Kastljóssins í náttfatapartýi

Starfsfólk Kastljóssins gerði sér glaðan dag á laugardag og hélt náttfatapartý heima hjá Þóru Arnórsdóttur og Svavari Halldórssyni í Hafnarfirði. Sjónvarpsstjórnurnar virtust spenntar og tjáðu sig um málið á Facebook-síðum sínum á laugardaginn. **Margrét Erla Maack** spurði þannig hvort einhver gæti lánað henni og nokkrum sjónvarpsstjórnnum Partý Alias fyrir kvöldið. Hún upplýsti einnig að kollegar hennar **Helgi Seljan** og **Sigmar Guðmundsson** hefðu farið saman að kaupa sér náttföt. Sigmar upplýsti á sinni síðu að fyrir valinu hefðu orðið himinblá náttföt frá Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.



Sigurður lætur launin renna til Vildarbarna

Sigurður Helgason stjórnarformaður Icelandair Group, afsalaði sér launum fyrir stjórnarformennskuna í fyrra, líkt og árið 2009. Þetta kemur fram í ársskýrslu Icelandair Group. Í stað þess að Sigurður þiggi laun samþykkti stjórn félagsins að borga samsvarendi upphæð til Vildarbarna Icelandair. Fyrir árið 2009 fékk Sigurður 1,6 milljónir króna í árslaun en árið 2010 voru launin komin upp í 3,8 milljónir. Framlöggin til Vildarbarna hækkuðu því talsvert mikið milli ára.



Mest lesið

- 1 Sprengjum rignir yfir Libíu
- 2 Samstöðufundur fyrir Rottweiler-tíkina
- 3 Eldur á bifreiðaverkstæði
- 4 Töluverðar skemmdir eftir brunann
- 5 Fullyrða að um 50 manns hafi farist í gær

Office1

Fyrirtækjajónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjajónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjajónustan er opin 8 - 17
pöntun@office1.is
www.office1.is

LAGERSALA

Erum að flytja lagerinn okkar

30-70% AFSLATTURI!

Queen size rúm frá **99.000 kr.**

Rúmgjafar frá **14.000 kr.**

Stílhætt rúm
frá **176.000 kr.**

Þúnsængur
frá **19.900 kr.**

Rúmstæði frá **199.000 kr.**

AÐEINS Í
ÖRFÁA
DAGTA!

rekkjan